Íbúðarhús, einlyft með risi og gluggakvistum, byggt úr steinsteypu með þaki úr borðum, pappa og bárujárni. Langskilveggur er úr steinsteypu og steinsteypugólf með timburgólfi yfir. Skilveggir, aðrir en langskilveggurinn, eru úr bindingi með tvöföldum þiljum. Í húsinu er timburloft. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa og þiljum þar yfir. Þiljað er og neðan á loftbita og allt lagt striga og vélapappír og ýmist veggfóðrað eða málað. Viðbygging úr steinsteypu og þaki úr samskonar efni og frágangi. Þar er loft úr steinsteypu og vírlagt og múrhúðað utan á útveggi. Skilveggir allir úr steypu. Íbúðin er ýmist veggfóðruð eða máluð. Skilveggir rishæðar eru úr timbri og þiljað neðan á sperrur, nema í þurkherbergi. Á aðalhæð eru 4 íbúðarherbergi, 2 eldhús, 2 v.s., fastur skápur og 2 anddyri. Auk þess er opinn gangur gegnum húsið. Á rishæð eru 4 íbúðarherbergi, þurkloft og 2 gangar. Stigar eru úr timbri. Það er múrhúðað utan.

Stærð: L. 14,0 m., br. 7,6 m., h. 3,2 m., ris 3,4 m.

Inngönguskúr, byggður eins og húsið. Þar eru gangur og þvottahús.

Stærð: L. 1,9 m., br. 3,1 m., h. 2,2 m., skápur.

Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....

92.570.-/-
=====

Samræmismat 1. apríl 1951.

A.	Íbúðarhús:	L 14.0	br. 7.6	h. 3.2	ris 3.4	=	521.36 m ³
"	Inng.skúr:	L 1.9	br. 3.1	h. 2.2	skápur	=	12.96 m ³
							<u>534.32 m³</u>

197.700.00

Virt 31/7 1955.

Hefir frá síðasta mati 21. apríl 1943 tekið þeirri breytingu, að nokkuð af því hefur verið hækkað um 2 hæðir og stækkað. Stækkunin er byggð úr steinsteypu, slétt-húðuð og cremuð utan, korkklædd innan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. - Næsta hæðin er óbreytt. Á 2. hæð eru 2 herbergi, eldhús, baðherbergi m/keri, v.s. og handlaug og ytri og innri gangur, allt málað og dúklagt. - Á 3. hæð er innrétting og frágangur eins og á 2. hæð. - Á þakhæð er 1 herbergi, þurkloft, þvottahús og geymsla og forstofa.

Íbúðarhús: L. 7.75 m. Br. 7.6 m. H. 8.0 m. ris 3.6 m.

Útskot : L. 2.90 m. Br. 3.15m. H. 8.0 m. flatt Samtals 650.34 m³

Íbúðarhús: L. 6.25 m. Br. 7.6 m. H. 3.2 m. ris 3.4 m.

Inngöngusk.: L. 1.90m. Br. 3.10m. H. 2.2 m. flatt Samtals 245.71 m³

Alls 896.05m³

Húsin með útskoti, inngangi og tilheyrandi, eru metin á kr. 609.300.00

Gata og númer:

Möt framkvæmd:	Metið kr.
<p><u>Virt: 17/11 1987 1978.</u></p> <p>Frá síðasta mati eru 1.-11. og 111. hæð óbreyttar. Þakhæð var lyft Kvistur stækkaður, þar eru nú tvö íbúðarherbergi, máluð og dúklögð, tvöf. gler í gluggum, harðviður í hurðum, Baðherbergi með kerlaug og tilheyrandi. Þar er einnig geymsla og innbyggðir skápar.</p> <p>Húsið ásamt tilheyrandi er virt á.....kr</p>	<p>27.776.000.-</p>
<p>.....</p>	<p>.....</p>
<p>.....</p>	<p>.....</p>

Gata og númer:

Baldursgata 22a

Möt framkvæmd: 21/12/1932. Samræmismat 1. apríl 1951.		Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, einlyft með skápaki, byggt úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð með pappa á milli. Í því er steinsteypugólf með timburgólfi þar yfir. Í húsinu eru 3 íbúðarherbergi, 2 eldhús, geymsluklefi og gangur, allt þiljað, lagt striga og pappír á loftum og veggjum, og allt málað.</p> <p>Stærð: L.12,6 m., br.5,1 m., h.3,1 m., skáp.</p> <p>Inngöngu- og geymsluskúr er við vesturhlið hússins, byggður eins og það í honum er geymsla og gangur, þiljaður og málaður.</p> <p>Stærð: L.5,7 m., br.1,9 m., h.2,5 m., skáp.</p> <p>Húsið, ásamt inngöngu- og geymsluskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>		10.025.-
<p>b. Trésmíðaskúr er byggður áfastur við geymsluskúrinn, byggður eins og hann, með þaki úr borðasúð, pappa og járn.</p> <p>Stærð: L.3,3 m., br.3,7 m., h.2,5 m., skáp.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>		620.-
Samtals		10.645.-
<hr/>		
<u>Samræmismat 1. apríl 1951.</u>		
A. Íbúðarhús	: L 12.6 br. 5.1 h. 3.1 skápak = 199.21 m ³	
" Inngsk.- og geymsla:	L 5.7 br. 1.9 h. 2.5 skápak = 27.08 m ³	83.700.00
B. Trésmíðaskúr	: L 3.3 br. 3.7 h. 2.5 skápak = 30.53 m ³	2.100.00
	<u>256.82 m³</u>	<u>85.800.00</u>

Gata og númer:

Baldursgata 24

Möt framkvæmd: 15/10/1943. Samræmismat 1. apríl 1951.

Metið kr.

Íbúðarhús, einlyft byggt úr steinsteypu með þaki úr borðasúð, pappa og járni. Allir skilveggir eru úr steinsteypu og í því er steinsteypugólf undir timburgólfinu. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og gangur. Íbúðarherbergin eru þiljuð innan á útveggi og neðan á loftbita, allt lagt striga og pappír, veggfóðrað og málað. Skilveggir eru múrsléttaðir með álímdum veggpappír. Á rishæðinni er eitt herbergi og framloft, allt þiljað og málað.

Stærð: L. 5,2 m., br. 7,8 m., h. 3,1 m., ris 2,5 m.

^{Geymslu}
(Inngönguskúr, byggður úr steinsteypu með járnpaki á pappa og borðasúð.

Þar eru 3 geymsluklefar. Gólf er úr steinsteypu, en skilveggir úr timbri.

Stærð: L. 4,9 m., br. 4,5 m., h. 2,3 m.

Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....

39.310.-4
=====Samræmismat 1. apríl 1951.

A.	Íbúðarhús: L 5.2 br. 7.8 h. 3.1 ris 2.5	=	174.41 m ³
"	Geymsla : L 4.9 br. 4.5 h. 2.3	=	50.72 m ³
			<u>225.13 m³</u>

76.500.00

Gata og númer: Baldursgata 24a

Möt framkvæmd: 1/4/1942. Samræmismat 1. apríl 1951.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, einlyft, byggt úr steinsteypu með járnþaki á borðasúð með pappa á milli. Skilveggur er efrít endilöngu húsinu, úr steinsteypu. Innan á útveggjum er borðagrind með panelpiljum innan á, allt lagt striga og veggpappír og málað. Innveggir eru múrsléttaðir með álímdum veggpappír og málaðir. Á aðalhæð eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og gangur. Á rishæð eru 2 herbergi og gangur.</p> <p>Stærð: L.5,2 m., br.7,8 m., h.3,1 m., ris 2,5 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	19.960.-
<p>b. Trésmíðahús er á baklóðinni, byggt úr steinsteypu með þaki úr borðasúð og pappa. Í því er timburgólf, og allt er húsið þiljað innan á útveggi og neðan á loftbita með panelborðum.</p> <p>Stærð: L.5,4 m., br.6,3 m., h.3,2 m., skáp.</p> <p>Húsið er virt á.....</p>	6.940.-
<p>c. Geymsluskúr er byggður áfastur við smíðahúsið úr steinsteypu með járnþaki á súð.</p> <p>Stærð: L.2,2 m., br.2,5 m., h.2,5 m., skáp.</p> <p>Skúrin er virtur á.....</p>	840.-
	Samtals 27.740.-
=====	
<u>Samræmismat 1. apríl 1951.</u>	
<p>A. Íbúðarhús : L 5.2 br. 7.8 h. 3.1 ris 2.5 = 174.41 m³</p> <p>B. Trésmíðahús : L 5.4 br. 6.3 h. 3.2 skápak = 108.86 m³</p> <p>C. Viðb. geymsla: L 2.2 br. 2.5 h. 2.5 skápak = 13.75 m³</p> <p style="text-align: right;">297.02 m³</p>	<p>59.300.00</p> <p>21.800.00</p> <p>2.500.00</p> <p style="text-align: right;">83.600.00</p>

Virt 19/11 1977.	
Frá síðasta mati hafa verið gerðar ýmsar endurbætur á húsinu og óskast matið hækkað til samræmis við það.Tvöfalt gler í öllum gluggum.	
Stærðir eru óbreyttar.	
Húsið, ásamt tilheyrandi er virt	kr. 5.232.000
(XXXXXXXXXXXXXXXXXXXX)	
(Kvistur endurbyggður f. ca. 7 árum)	

Gata og númer:

Baldursgata 25

Möt framkvæmd: ^{21/4/1925} 21/2/1937. Samræmismat 1. apríl 1951.

Metið kr.

a. Íbúðarhús, einlyft með porti og risi, byggt úr tvíhlöðnum, steiptum steini. Ytri hleðslan er úr 12 cm. þykkum holsteini, en innri hleðslan úr 10 cm. heilsteiptum steini. Bilið á milli hleðslanna, sem er 18 cm., er fyllt með þjappaðri mómyslnu. Gólf er úr timbri og milligólf í bitalögum. Á milli gólfa er fyllt með mómyslnu. Loft er gjört úr steinsteypu og er timburgólf þar yfir. Skilveggir eru úr 10 cm. þykkri steinsteypu. Þak er úr plægðri borðasúð með pappa og járnþaki þar yfir. Á aðalhæð hússins eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, fastur skápur, v.s. og gangur. Veggir og loft eru vandlega kalksléttuð með álímdum veggjapappír og máluð. Á þaklyfti er sama herbergjaskipun. Þar eru veggir kalksléttuðir, en súð og loft þiljuð. Allt málað. Á milli sperra, á risi hússins og milli ytri og innri klæðninga, er fyllt með mómyslnu. Á skambitum efst er timburgólf; þar er þurkloft.

Stærð: L.8,2 m., br.6,9 m., h.4,6 m., ris 3,5 m.

Inngöngu- og geymsluskúr er við vesturgöngu hússins, úr samskonar efni og eins frágangi og húsið sjálft. Þar eru gangur, þvottaherbergi og geymsluherbergi. Gólf og skilveggir eru úr steinsteypu. Allt sementssléttuð.

Stærð: L.6,3 m., br.2,2 m., h. 3,0 m.

Húsið, ásamt inngöngu- og geymsluskúr og tilheyrandi, er virt á..... 18.605.-

b. Bifreiðarskúr, byggður úr steinsteypu með járnþaki á pappa og borðasúð. Skúrinn er allur þiljaður innan á útveggi og neðan á loftbita og stoppað bak við allar þiljur með sagsspónum. Trégólf eru yfir steingólfum.

Stærð: L.4,0 m., br.2,7 m., h.2,6 m., skápur.

Skúrinn er virtur á..... 1.190.-

Samtals 19.795.-

Samræmismat 1. apríl 1951.

A. Íbúðarhús	: L 8.2 br. 6.9 h. 4.6 ris 3.5	= 356.45 m ³	
" Inng.- og geymsluskúr:	L 6.3 br. 2.2 h. 3.0 skápak	= 41.58 m ³	131.300.00
B. Bifreiðaskúr	: L 4.0 br. 2.7 h. 2.6 skápak	= 28.08 m ³	6.200.00
		<u>426.11 m³</u>	<u>137.500.00</u>

Gata og númer:

Baldursgata 25 b

Möt framkvæmd: 1/10/1925. Samræmismat 1. apríl 1951.	Metið kr.
<p>Íbúðar- og geymsluhús, byggt úr steinsteypu með járnþaki á borðasúð með pappa á milli. Í suðurenda hússins eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, gangur, v.s. og geymsluklefi. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í og þiljum þar innan á. Þiljur eru og neðan á loftbitum herbergjanna. Skilveggir eru allir úr timbri. Allar þiljur eru lagðar striga og maskínupappír og ýmist veggfóðraðar eða málaðar. Í norðurenda hússins er stórt geymsluherbergi, óinnréttað og með malargólfi.</p> <p>Stærð: L.20,2 m., br.6,0 m., h.3,0 m., skáp.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>14.636.- =====</p>
<p><u>Samræmismat 1. apríl 1951.</u></p> <p>A. Íbúðarhús og geymsluh.: L 20.2 br. 6.0 h. 3.0 skápak = <u>363.60 m³</u></p>	<p><u>109.100.00</u></p>

Gata og númer: Baldursgata 26

Möt framkvæmd: 1/11/1943. Samræmismat 1. apríl 1951. 20/6/1960. 22/2/1967	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, byggt úr steinsteypu á 3 vegu, en framhlið úr bindingi, klædd utan borðum, pappa og jární og með þaki úr borðasúð, pappa og jární. Innan á útveggjum er grind með pappa í og þiljum þar innan á, lögðum striga og veggjapappír, bæði veggir og loft. Allt ýmist veggfóðrað eða málað. Í húsinu eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, þvottahús, geymsluherbergi, v.s., skápur og gangur. Timburgólf er yfir steinsteypugólfinu.</p> <p>Stærð: L.13,8 m., br.4,7 m., h.3,1 m., skáp.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	34.950.-
<p>b. Geymsluhús er byggt úr bindingi, klæddur utan borðum, pappa og jární, allt þiljað innan og stoppað.</p> <p>Stærð: L.3,4 m., br.2,8 m., h.2,2 m., ris 0,6 m.</p> <p>Húsið er virt á.....</p>	960.-
	Samtals 35.910.-
=====	
<u>Samræmismat 1. apríl 1951.</u>	
A. Íbúðarhús: L 13.8 br. 4.7 h. 3.1 skápak = 201.07 m ³	68.400.00
" Geymsla : L 3.4 br. 2.8 h. 2.2 ris 0.6 = 23.89 m ³	2.400.00
	<u>224.87 m³</u>
	<u>70.800.00</u>
=====	
<u>Virt 20/6. 1960.</u>	
<p>Nýtt íbúðarhús, tvær hæðir og kjallari undir hluta hússins, byggt úr steinsteypu, einangrað með korki, slétt húsað utan og með þaki úr timbri og pappa. (bráðabirgðapak.)</p> <p>Á 1. hæð eru 6 íbúðarherbergi, 2 eldhús, baðherbergi m/kerlaug, v.s. og handlaug, anddyri, stigahús og 2 forstofur. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr harðviði og einfalt gler er í gluggum.</p> <p>2. hæð er eins og 1. hæð, nema þar eru 2 svalir.</p> <p>Í kjallara er þvottahús, kyndiklefi m/hitaveituupphitun og 5 geymslur.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>C.: L. 14.00 m., br. 10.85 m., h. 5.5 m.</p> <p>" kj. " 9.50 " " 10.20 " kjh. 2.3 m. = 1.058.32 m³.</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á kr.</p>	
	1.111.200.-
=====	
<u>Virt: 22/2/1967</u>	
<p>Frá síðasta mati 20/6/1960, hefur verið byggt ofan á 3ju hæðina. 1. og 2. hæð er óbreytt, 3ja hæðin er ný hæð þar eru 6 íbúðarherbergi, 2 eldhús, gangur, 2 böð með tilheyrandi. Skápar eru innbyggðir, allt málað og dúklagt og í gluggum er tvöfalt gler. tvennar svalir. Þakhæðin er næx ónothæf og kjallarinn óbreyttur.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>C: L: 14.0 m., br. 10.2 m., h. 8.1 m., ris 1.5 m. = 1.256.6 m³</p> <p>" L. 3.5 m., br. 1.3 m., h. 8.0 m., " skáp } = 72.8 m³</p> <p>" L. 3.5 m., br. 1.3 m., h. 8.0 m., " " } = 72.8 m³</p> <p>" L. 9.5 m., br. 10.2 m., h. 2.3 m. = 223.00 m³</p> <p>Húsið ásamt tilheyrandi er virt á kr.</p>	
	4.237.000.-

Möt framkvæmd Ltra.a 21/1/1931. Ltra.b 21/10/1926. Ltra.c,d,e 21/1/1931 18/3'47	Metið kr.
<p>a. Íbúðarnús, byggt úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð með pappa þar yfir. Í húsinu eru 4 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa og panelþiljum þar innan á. Allir skilveggir eru tvöfaldir úr timbri. Allir veggir og loft eru lagðir striga og pappír. Allt málað. Timburgólf eru í öllu húsinu.</p>	
Stærð: L.7,5 m., br.7,5 m., h.3,0 m. ris 1,0 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	9.420.-
<p>b. Viðbygging, byggð úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð og pappa. Þar er eldhús og gangur. Allt sementssléttað utan og innan og málað innan.</p>	
Stærð: L.2,7 m., br.4,0 m., h.3,0 m., skáp.	
Viðbyggingin, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	1.930.-
<p>c. Viðbygging við vesturhlíð hússins norðanverða, er byggð úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Þar er eldhús, gangur og geymsluklefi.</p>	
Stærð: L.2,7 m., br.5,5 m., h.3,0 m., skáp.	
Viðbyggingin, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	2.430.-
<p>d. Geymsluhús, er byggt á sömu lóð, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, pappa og listum. Gólf og skilveggir eru úr steinsteypu. Þar er bifreiðarskúr og geymsluherbergi. Skúrinn er múrsléttaður utan.</p>	
Stærð: L.6,8 m., meðalbr.5,0 m., h.2,8 m., skáp.	
Skúrinn er virtur á.....	1.900.-
<p>e. Geymsluskúr er byggður uppvið litra b, byggður úr bindingi, klæddur utan með borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki.</p>	
Stærð: L.2,5 m., br.2,5 m., h.2,0 m., skáp.	
Skúrinn er virtur á.....	260.-
	Santals 15.940.-
<p>Með virðingargerð þessari eru hús Guðmundar Guðmundssonar aðeins metin og skipt út úr hinu sameiginlega mati eins og áður var, en halda þó sama brátt. Eldri húsin eru óbreytt, en nýtt hús hefir verið byggt úr steinsteypu með þaki úr timbri, pappa og járni yfir. Innan á útveggjum er pappi, timbur og múrhúðað yfir. Langskilveggur er úr steinsteypu, en skilrúm múrhúðað á timbur og allt málað yfir. Þar eru 4 íbúðarherbergi, 1 eldhús v.s. og inngangur.</p>	

Snið

Gata og númer:

Baldursgata 27.

Möt framkvæmd: Samræmismat 1. apríl 1951.	Metið kr.
A. Ibúðarhús: L. 3.8 m. br. 7.5 m. h. 3.0 m. ris 1.0 m. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	36.000.-
B. Viðbygging: L. 2.7 m. br. 5.5 m. h. 3.0 m. " Geymsluhús: L. 2.5 m. br. 2.5 m. h. 2.0 m. Viðbyggingin, ásamt geymsluhúsinu og tilheyrandi, er virt á.....	2.400.-
C. Ibúðarhús: L. 6.9 m. br. 6.9 m. h. 3.2 m. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	42.600.-
Samtals	81.000.-

Samræmismat 1. apríl 1951.

A. Ibúðarhús : L 3.8 br. 7.5 h. 3.0 ris 1.0 = 99.75 m ³	39.900.00
B. Viðbygging: L 5.3 br. 3.0 h. 3.0 skáþak = 47.70 m ³	19.200.00
C. Geymsla : L 7.0 br. 5.3 h. 3.0 skáþak = 111.30 m ³	20.000.00
<u>258.75 m³</u>	<u>79.100.00</u>

Möt framkvæmd: 1/12/1923. Samræmismat 1. apríl 1951.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, tvílyft með risi, byggt úr steinsteypu með járnþaki á pappa og borðasúð. Á hvorri hæð fyrir sig eru 4 íbúðarherbergi, 2 eldhús, fastur skápur, v.s. og gangur. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á. Skilveggir eru úr bindingi með tvöföldum þiljum. Loft er úr steinsteypu, múrsléttað. Þiljur allar eru lagðar striga og pappír, og allar íbúðir hússins eru ýmist veggfóðraðar eða málaðar. Á neðri hæðinni er timburgólf yfir steinsteypugólfinu.</p> <p>Stærð: L.10,1 m., br.7,9 m., h.6,2 m., ris 2,0 m.</p> <p>Inngönguskúr er við austurhlíð hússins, byggður eins og það.</p> <p>Stærð: L.2,2 m., br.3,0 m., h.5,5 m., skáþ.</p>	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	33.300.-
<p>b. Vinnuskúr er byggður á sömu lóð úr hlöðnum, steinlímdu grásteini með járnþaki á pappa og borðasúð.</p> <p>Stærð: L.6,0 m., br.4,2 m., h.2,3 m., skáþ.</p>	
Skúrinn er virtur á.....	576.-
<p>c. Geymsluskúr er byggður fast við litra b, úr steinsteypu með járnþaki á súð.</p> <p>Stærð: L.4,5 m., br.4,3 m., h.2,3 m., skáþ.....Hann er virtur á</p>	900.-
	Samtals 34.776.- =====
<u>Samræmismat 1. apríl 1951.</u>	
A. Íbúðarhús : L 10.1 br. 7.9 h. 6.2 ris 2.0 = 574.49 m ³	
" Inngöngusk.: L 2.2 br. 3.0 h. 5.5 skáþak = 36.30 m ³	201.600.-
B. Vinnuskúr : L 6.0 br. 4.2 h. 2.3 skáþak = 57.96 m ³	7.000.-
C. Geymsla : L 4.5 br. 4.3 h. 2.3 skáþak = 44.51 m ³	5.300.-
	<u>713.26 m³</u> <u>213.900.-</u>

Gata og númer: Baldursgata 29

Möt framkvæmd: 2.feb. 1973	Metið kr.					
<p>Húsið byggt upp að nýju eftir bruna. 1 hæð úr timbri á steyptum grunni. Einangrað með plasti, klætt utan með bárujárni. Bárujárnsþak. Einnig er kjallari í húsinu og ris. Hitaveita.</p> <p>1.hæð: Þar er 4 herbergi, eldhús, steypa, v.s., handlaug. Innbyggðir skápar, einfalt gler. Veggir málaðir og veggfóðraðir, gólf dúklögð. Allar leiðslur nýjar, 1 þvottakrókur, 1 geymsla.</p> <p>Þakhæð(ris): Þar eru 4 herbergi, eldhús og baðherbergi. Þvottahús og geymsla, sami frágangur og á 1.hæð.</p> <p>Kjallari: Þar er 4 herbergi og eldhús, baðherbergi, þvottaherb., 2 v.s., 2 handlaugar, sami frágangur og á 1.hæð.</p> <p>Stærð hússins:</p> <table style="margin-left: 40px;"> <tr> <td>L 9,5 m., Br. 6,65 m., H. 2,80m., Ris 1,2 m., Kj. 2,6 m.)</td> <td rowspan="3" style="font-size: 3em; vertical-align: middle;">}</td> <td rowspan="3" style="vertical-align: middle;">=521m³</td> </tr> <tr> <td>L 9,2 m., Br. 3,20 m., Kj. 2,6 m.</td> </tr> <tr> <td>L 6,0 m., Br. 3,20 m., H. 2,80 m., Ris 1,20 m.</td> </tr> </table> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr.</p>	L 9,5 m., Br. 6,65 m., H. 2,80m., Ris 1,2 m., Kj. 2,6 m.)	}	=521m ³	L 9,2 m., Br. 3,20 m., Kj. 2,6 m.	L 6,0 m., Br. 3,20 m., H. 2,80 m., Ris 1,20 m.	<p>2.501.000.-</p>
L 9,5 m., Br. 6,65 m., H. 2,80m., Ris 1,2 m., Kj. 2,6 m.)	}			=521m ³		
L 9,2 m., Br. 3,20 m., Kj. 2,6 m.						
L 6,0 m., Br. 3,20 m., H. 2,80 m., Ris 1,20 m.						

Möt framkvæmd: 1/3/1942. Samræmismat 1. apríl 1951.

Metið kr.

a. Íbúðar- og verslunarhús, þríflyft með risi og litlum kjallara, byggt úr steinsteypu, járnbentri, með þaki úr borðasúð, pappa og járn. Í húsinu eru 3 loft úr járnbentri steinsteypu, en gólf neðstu hæðar og skilveggir allir eru úr venjulegri steypu, allt múrsléttað. Innan á öllum útveggjum hússins er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á, lögðum striga og vélapappír. Allar eru hæðirnar ýmist veggfóðraðar eða málaðar. Á neðstu hæð eru 3 vinnustofur, 2 geymsluherbergi, sölubúð, v.s., skápur, anddyri og gangur. Á annari hæð eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s. og anddyri. Á þriðju hæð eru 5 íbúðarherbergi, 2 eldhús, v.s. og anddyri. Á rishæðinni eru 2 geymsluherbergi, v.s. og þurkloft. Kjallaraklefi er undir húsinu. Þar eru miðstöðvarherbergi og kolaklefi. Steinsteypugólf er í kjallaranum. Stigar eru úr tré. Húsið er allt múrhúðað utan.

Stærð: L.14,8 m., br.7,5 m., h.8,6 m., ris 2,5 m.

Kjallarastærð: L.2,0 m., br.2,4 m., h.1,9 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... 121.000.-

b. Geymsluskúr er byggður á sömu lóð, úr steinsteypu með járnþaki á pappa og borðasúð. Þar eru 2 geymsluherbergi. Skilveggur er úr bindingi með tvöföldum þiljum. Steinsteypugólf er í skúrnum.

Stærð: L.6,8 m., br.3,0 m., h.2,7 m., skáp.

Skúrin er virtur á..... 3.075.-

c. Skúr er byggður við vesturgafli litra b, úr steinsteypu með járnþaki á súð og með steinsteypugólfi.

Stærð: L.4,8 m., br.3,2 m., h.2,5 m., skáp.

Skúrin er virtur á..... 1.560.-

Samtals 125.635.-

=====

Samræmismat 1. apríl 1951.

A. Íbúð- og verzlh.:	L 14.8	br. 7.5	h. 8.6	ris 2.5	=	1087.80 m ³	
" Kjallari	: L 2.0	br. 2.4	h. 1.9		=	9.12 m ³	416.800.00
B. Geymsla	: L 6.8	br. 3.0	h. 2.7	skápak	=	55.08 m ³	6.600.00
C. Skúr	: L 4.8	br. 3.2	h. 2.5	skápak	=	38.40 m ³	3.800.00
						<u>1190.40 m³</u>	<u>427.200.00</u>

Gata og númer:

Baldurogata 31

Möt framkvæmd: 24/5/1944. Samræmismat 1. apríl 1951. 30/9/1970	Metið kr.
<p>Íbúðar- og verslunarhús, tvílyft með risi og kjallara, byggt úr bind- ingi, klætt utan borðum, pappa og járni á veggjum og þaki. Á hvorri hæð fyr- ir sig eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi og gangur. Allt þiljað inn- an, lagt striga og pappír á veggjum og loftum og allt ýmist veggfóðrað eða málað. Kjallari er undir öllu húsinu, með steinsteypugólfi. Þar er sölubúð, þiljuð og máluð með skápum og borðum. Þar emennfremur nokkur geymsluherber- gi.</p> <p>Stærð: L.7,5 m., br.7,1 m., h.5,7 m., ris 1,0 m., kjh.2,5 m.</p> <p>Inngönguskúr er við suðurgafli hússins, að efni og öllum frágangi eins og það.</p> <p>Stærð: L.2,3 m., br.2,1 m., h.5,2 m., skáp., kjh.2,5 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>94.400.- =====</p>
<p><u>Samræmismat 1. apríl 1951.</u></p> <p>A. Íbúðar-og verzlunarh.: L 7.5 br. 7.1 h. 5.7 ris 1.0 kj. 2.5= 463.28 " Inngönguskúr : L 2.3 br. 2.1 h. 5.2 skápak kj. 2.5= 37.19</p> <p style="text-align: right;">500.47 m³</p>	<p style="text-align: right;"><u>160.200.00</u></p>
<p><u>Virt: 30/9/1970.</u></p> <p>Frá síðasta mati, hefur verið innréttuð íbúð í kjallar: 2 herbergi og eldhús og baðherbergi m/tilheyrandi. Allt málað og dúklagt og sett tvöfalt gler í glugga og járnklæðning utan endurnýjuð. Ennfremur auknar og endur- bættar innréttingar á hæðunum.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 7.5 m., br. 7.1 m., h. 5.7 m., ris 1.0 m., kj. 2.5 m. } L. 2.3 m., br. 2.1 m., h. 5.2 m., ris skáþ. kj. 2.5 m. } = 501.00 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á kr.</p>	<p style="text-align: right;"><u>1.800.000.-</u></p>
<p><u>Virt: 31/10 1975.</u></p> <p>Frá síðasta mati hafa verið gerðar endurbætur á húsinu.</p> <p>1.hæð: Tvöfalt gler hefur verið sett í glugga og húsið klætt að innan. Sér miðstöð er nú fyrir hverja íbúð.</p> <p>2.hæð: Tvöfalt gler í glugga og hæðin klædd að innan.</p> <p>Kjallari: Eins endurnýjuð og 2.hæðin.</p> <p>Húsið er óbreytt að stærðum frá síðasta mati.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....kr.</p>	<p style="text-align: right;"><u>6.764.000.-</u></p>
<p><u>Virt 15/12 1977.</u></p> <p>Kjallari 1. hæð: Anddyri, 1 herbergi, stigi, baðherbergi. Skáli.</p> <p>2. hæð: 1 herbergi, stigi, baðherbergi.</p>	

Gata og númer: Baldursgata 31

Möt framkvæmd: 15/12 1977 frh.

Metið kr.

Kjallari:

Geymsla, vinnustofa ofl.

Stærðir eru:

L. 7,25 m., br. 6.00 m., h. 5,40 m., ris 1,40 kj. 2,8m., 387 m³Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á kr. 6.966.000

Möt framkvæmd: (1/4/1942.) (20/10/1946.) 16/5/1951. Samræmismat 1. apríl 1951.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, einlyft með risi og 2 kvistum, byggt úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Á aðal hæð hússins eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Á rishæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og gangur. Allt er húsið þiljað innan, lagt striga og pappír og ýmist veggfóðrað eða málað.</p> <p>Stærð: L.7,5 m., br.7,2 m., h.3,8 m., ris 2,8 m.</p> <p>Inngönguskúr, við austurhlíð hússins, er byggður eins og það. Þar eru gangur og v.s. Allt þiljað og málað.</p> <p>Stærð: L.2,2 m., br.2,2 m., h.4,9 m., skáp.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	26.175.-
<p>b. Geymsluskúr er á sömu lóð, byggður úr bindingi, klæddur utan borðum, pappa og jární á veggjum og þaki og með timburgólfi.</p> <p>Stærð: L.2,5 m., br.3,2 m., h.2,8 m., skáp.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	550.-
	Samtals 26.725.-
<hr/>	
<p>20/10/1946.</p> <p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1. apríl 1942.</p> <p>A Íbúðar- og matsöluhús: L 7.5 m. br. 7.2 m. h. 3.8 m. ris 2.8 m.</p> <p>" Inngönguskúr : L 2.2 m. br.2.2 m. h. 4.9 m. skápak.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....kr.</p> <p>B. Geymsluskúr : L 2.5 m. br.3.2 m. h. 2.8 m. skápak.</p> <p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....kr.</p>	66.600.00
	2.200.00
	Samtals krónur 68.800.00
<hr/>	
<p>Virt 16/5/1951.</p> <p>Húsið hefir frá síðasta mati 20. desember 1946 tekið þeirri breytingu, að húsið hefir lengst dálítið og breikkað, inngönguskúrinn felldur inn í nýja viðbyggingu, kjallari byggður undir húsið úr steinsteypu, vikurklæddur innan og slétthúðaður og innrétting breytzt nokkuð á hæðinni. Á hæðinni eru nú 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, stigahús, innri forstofa og nýr timburstigi upp á þakhæð, með nýju handriði, allt veggfóðrað, málað og dúklagt; ennfremur nýjar steinsteyptar tröppur. Þakhæðin hefir öll verið dúklögð að nýju og sett þar ný forstofuhurð. Í hinum nýja kjallara er smíðahús, innri og ytri gangur, 2 geymslur, þvottahús og kola-miðstöðvarklefi með hitaveitulögn. Öll skilrúm úr vikri.</p>	

Gata og númer:

Möt framkvæmd: frh.	Metið kr.
Stærð hússins : L 7.8 m. br. 7.4 m. h. 3.4 m. ris 3.0 m. kj. 2.2 m,	
" viðbyggingar: L 4.8 m. br. 2.2 m.mh. 4.2 m. kj. 2.2 m.	
Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....	210.000.00 ✓
Staflíður B. Geymsluskúr virtur 10/13/1946	2.200.00
Samtals krónur	212.200.00
<u>Samræmisat 1. apríl 1951.</u>	
A. Íbúðarhús m/matsölu: L 7.8 br. 7.4 h. 3.4 ris 3.0 kj. 2.2 = 409.80	
" Viðbygging : L 4.8 br. 2.2 mh. 4.2 skápak kj. 2.2 = 67.58	210.000.00
B. Geymsla : L 2.5 br. 3.2 h. 2.8 skápak = 22.40	2.200.00
<u>499.78 m³</u>	<u>212.200.00</u>

Möt framkvæmd: 2/11/1925. Samræmismat 1. apríl 1951.

Metið kr.

Íbúðarhús, tvílyft, byggt úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð með pappa á milli. Á neðri hæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, vatnssalerni og anddyri. Loft, gólf og skilveggir eru úr steinsteypu, sementssléttaðri beggja megin. Innan á útveggjum er plankagrind með tveimur tjörupappalögum, listum og plægðri borðaklæðningu þar innan á. Þiljur eru lagðar striga og maskínupappír og allt er húsið ýmist veggfóðrað eða málað innan. Á efri hæð eru 6 íbúðarherbergi, baðherbergi, anddyri og gangur, Allt með eins frágangi og á neðri hæðinni, að því undanskildu, að hér eru nokkrir skilveggja stubbar úr timbri. Kjallari er undir öllu húsinu með steinsteypugólfi. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt með samskonar frágangi og í hinum öðrum íbúðum hússins. Auk þessa er í kjallaranum 3 geymsluherbergi, þvotta-herbergi, miðstöðvarherbergi og gangur.

Stærð: L.10,4 m., br.9,0 m., h.5,4 m., ris 2,6 m., kjh.2,5 m.

Inngönguskúr er við vesturhlið hússins, byggður eins og það. Þar er fastur skápur. Ofan á steinsteypuþaki hans eru svalir.

Stærð: L.2,2 m., br.2,4 m., h.3,1 m., skáþ., kjh.2,5 m.

Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....

50.562.-
=====

Samræmismat 1. apríl 1951.

A. Íbúðarhús	: L 10.4	br. 9.0	h. 5.4	ris 2.6	kj. 2.5	=	861.12 m ³
" Inngönguskúr:	L 2.2	br. 2.4	h. 3.1	skáþsk	kj. 2.5	=	29.57 m ³
							<u>890.69 m³</u>

347.400.00

Gata og númer:

Baldursgata 34

Möt framkvæmd: (15/12/1923) 25/2/1947. Samræmismat 1. apríl 1951. 15/1/1958.	Metið kr.
Íbúðarhús, byggt hlöðnum, steinlímdum holsteini, með járnþaki á borðasúð með pappa á milli. Þar eru 1 íbúðarherbergi, eldhús, geymsluklefi og gangur. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í og þiljum innan á. Neðan á loftbitum eru og þiljur. Skilveggir eru úr bindingi með tvöföldum bitum. Allt lagt striga og pappír og ýmist veggfóðrað eða málað. Steinsteypugólf er undir timburgólfinu.	
Stærð: L.7,0 m., br.4,4 m., h.3,0 m., skáp.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	4.894.-
<hr/>	
Húsið er óbreytt í aðalatriðum, en endurbætt mikið, meðal annars sett í það v.s. o.fl.,	
Stærð íbúðarhúsins: L. 7.0 m. br. 4.4 m. h. 3.0 m. skápak.	
" Skúrs: L. 2.3 m. br. 2.1 m. h. 2.2 m. skápak.	
Húsið, ásamt (Inngönguskúr og) tilheyrandi, er virt á.....	23.000.-
Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	1.000.-
Samtals	24.000.-
<hr/>	
<u>Samræmismat 1. apríl 1951.</u>	
A. Íbúðarhús: L 7.0 br. 4.4 h. 3.0 skápak = 92.40 m ³	29.600.00
B. Geymsla : L 2.3 br. 2.1 h. 2.2 skápak = 10.63 m ³	1.600.00
103.03 m ³	31.200.00
<hr/>	
<u>Virt 10/10/1953.</u>	
Húsið er óbreytt, sjálft íbúðarhúsið, frá síðasta mati 25. febrúar 1947, en við það hefir verið reist viðbygging, 1 hæð með skáþaki, hlaðin úr vikursteini á steinsteypnan grunn, slétthúðað utan, múrhúðað innan og með þaki úr timbri og pappa. Þar eru 2 íbúðarherbergi og gangur, málað.	
A. Íbúðarhús : L 7.0 br. 4.4 h. 3.1 skápak = 95.48 m ³	
" Ný viðbygging: L 3.7 br. 5.0 h. 3.1 " = 57.35 m ³	
152.83 m ³	
Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....	84.100.00
B. Geymsla ekki metin: L 2.3 br. 2.1 h. 2.2 skápak = 10.63 m ³	2.000.00
C. Skúr nýr úr timbri, tvöfaldur, óklæddur, timburgólf, járnþak.	
" L 2.0 br. 2.0 h. 2.0 = 8.00 m ³	
Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	1.000.00
Samtals krónur	87.100.00

Gata og númer:

BALDURSGATA 34.

Möt framkvæmd: 15/1/1958.

Metið kr.

Frá síðasta mati hússins þann 10/10/1953 hafa orðið þær breytingar, að byggt hefur verið ris ofan á húsið, og er það hlaðið úr holsteini, einangrað með Wellit, múrhúðað utan, með þaki úr timbri, pappa og bárujárni og með tveim glugga-kvistum.

1. hæð er óbreytt frá síðasta mati, hefur henni verið vel við haldið og var ný eldhúsinnrétting í uppsetningu, þegar matið fór fram.

Í þakhæð eru 3 íbúðarherbergi, baðherbergi m/kerlaug, v.s. og handlaug og gangur. Allt málað og dúklagt.

Stærð hússins:

A: L. 7.0 m., br. 4.4 m., h. 5.1 m.	=	157.08 m ³ .		
viðb. " 3.7 m., " 5.0 m., " 5.6 m.	=	103.60 m ³ .		
do.	=	260.68 m ³ .	Kr.	195.500.-
B: L. 2.3 m., br. 2.1 m., h. 2.2 m., ris skáþak	=	10.63 m ³ .	Kr.	4.200.-
C: " 2.0 m., " 2.0 m., " 2.0 m. " "	=	8.00 m ³ .	Kr.	2.000.-

Húsið með tilheyrandi er metið á Kr. 201.700.-

Gata og númer:

Baldursgata 36

Möt framkvæmd(1/2/1942.) 14/4/1945. Samræmismat 1. apríl 1951.	Metið kr.
<p>Íbúðar- og verslunarhús, þrílyft með risi og kjallara, byggt úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Öll loft eru úr járnþentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum eru vikurplötur og allar aðalhöðir hússins eru múrsléttaðar og málaðar innan. Á rishæð eru skilveggir úr tré, vírlagðir, en að öðru leyti með sama frágangi og aðrar íbúðir hússins. Á neðstu hæð eru sölubúð, 2 íbúðarherbergi, eldhús, steypubaðklefi, v.s., fataherbergi, 3 gangar og anddyri. Á annari og þriðju hæð er sama herbergjaskipun, þannig að á hvorri hæð fyrir sig eru 4 íbúðarherbergi, 2 eldhús, 2 steypubaðklefar, v.s., 2 fastir skápar, 2 gangar og anddyri. Á rishæð eru 4 íbúðarherbergi, 5 skápar, v.s., eldhús og 2 gangar. Í kjallara eru 5 geymsluherbergi, þvottahús, miðstöðvarherbergi og 2 gangar. Stigar eru úr steinsteypu og dúklagðir. Húsið er húðað utan með kvarts og tinnublöndu.</p> <p>Stærð: L.14,0 m., br.8,4 m., h.8,0 m., ris 2,8 m., kjh.2,0 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p> <p>=====</p>	<p>/</p> <p>4</p> <p>131.955.-</p> <p>=====</p>
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati. (1/2/1942)</p> <p>Stærð: L. 14.0 m. br. 8.4 m. h. 8.0 m. ris 2.8 m. kjh. 2.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>305.700.-</p> <p>=====</p>
<p><u>Samræmismat 1. apríl 1951.</u></p> <p>A. Íbúðarhús m/vinnustofu: L 14.0 br. 8.4 h. 8.0 ris 2.8 kj. 2.0</p> <p style="text-align: right;">= <u>1340.64 m³</u></p>	<p><u>496.000.00</u></p>

Gata og númer:

Baldursgata 37

Möt framkvæmd: 21/2/1934. Samræmismat 1. apríl 1951.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, tvílyft með porti og risi, byggt úr bindingi, efri hæðin, klædd utan borðum, pappa, listum og jární, en neðri hæðin er úr steinsteypu. Þak er úr borðasúð, pappa og jární. Á neðri hæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús 3 fastir skápar, v.s. og gangur. Innan á útveggjum hennar er borðagrind með pappa í, listum og panelpiljum þar innan á. Skilveggir eru úr bindingi með tvöföldum piljum og piljað er einnig neðan á loftbita. Innan á piljum er pappír og strigi, bæði á veggjum og loftum, allt ýmist veggfóðrað eða málað. Steinsteypugólf er hér undir trégólfi. Á efri hæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr og v.s. Pappalag er í útveggjabindingi og innan á honum, sem og í skilveggjabindingi og neðan á loftbitum, eru panelpiljur, allt lagt striga og maskínupappír, og ýmist veggfóðrað eða málað. Á þaklyfti er sama herbergjaskipun og frágangur og á efri hæð. Milligólf eru í tveimur bitalögum með pappa og sagsspónastoppi á milli gólfanna.</p> <p>Stærð: L.7,6 m., br.7,0 m., h.6,7 m., ris 2,7 m.</p> <p>Inngönguskúr er byggður við vesturhlið hússins úr samskonar efni og með sama frágangi og það. Á neðri hæa hans eru geymsluklefi og gangur. Á efri hæð eru 2 geymsluskápar og gangur. Á þaklyfti skúrsins er íbúðarherbergi og gangur. Við skúrinn eru háar steinsteyputröppur að efri hæð hússins og undir þeim er geymsluklefi. Neðri hæð hússins, sem og tröppurnar, eru sementssléttaðar.</p> <p>Stærð: L.2,7 m., br.3,8 m., h.9,2 m., skáp. Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	22.822.-
<p>b. Geymsluskúr er á sömu lóð, byggður úr steinsteypu með járnþaki á pappa og borðasúð. Í honum er einn skilveggur og gólf úr steinsteypu. Skúrnum er skift í 2 geymsluherbergi með tréskilvegg og þvottaherbergi.</p> <p>Stærð: L.8,9 m., br.2,1 m., h.2,4 m., skáp.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	970.-
<p>c. Girðinar úr tré umhverfis lóðina.</p> <p>Stærð: L.27,2 m., h.1,2 m....Girðingin er virt á.....</p>	272.-
<p>Samtals 24.064.-</p> <p>=====</p>	
<p><u>Samræmismat 1. apríl 1951.</u></p>	
<p>A. Íbúðarhús: L 7.6 br. 7.0 h. 6.7 ris 2.7 = 425.60 m³</p>	
<p>" Inngskúr : L 2.7 br. 3.8 h. 9.2 skápak = 94.39 m³</p>	171.600.00
<p>B. Geymslusk.: L 8.9 br. 2.1 h. 2.4 skápak = 44.36 m³</p>	5.400.00
<p>C. Girðing : L 27.2 br. 1.2 h. 1.2</p>	1.800.00
<p>H. 4. 6500944</p>	178.800.00

Möt framkvæmd: 16/3/1971.

Metið kr.

Virt: 16/3/1971.

Frá síðasta mati, hefur verið byggt við húsið úr steinsteypu, ebnangrað m/plasti, slétthúðað utan, 2 hæðir og ris.

1. hæð: Þar er nú 1 anddyri, skáli 2 stofur, eldhús og 1 snyrtiherbergi með tilheyrandi. Skápar eru innbyggðir, veggir málaðir, tvöfalt gler í gluggum. Gamla húsið er úr timbri og hefur verið klætt viði að utan.

2. hæð: Í gamla hlutanum eru nú 4 íbúðarherbergi, baðherbergi m/kerlaug, steypu, v.s. og handlaug, en í viðbyggingu eru svalir og stigi. Allt málað og dúklagt og tvöfalt gler í gluggum í öllu húsinu.

Kjallari: Þar er þvottahús sem ekki er fullklárað þegar matið fer fram (tilb. undir tréverk). Bílskúr er í kjallara, steiptur en ópússaður að innan.

Stærð hússins:

A:	L. 7.6 m., br. 7.00 m., h. 7.7 m., ris 2.7 m.	= 428.00 m ³	
"	L. 2.7 m., br. 3.80 m., h. 9.2 m.,	= 94.00 m ³	2.245.000.-
B:	L. 12.8 m., br. 4.40 m., h. 5.5 m. }		
"	L. 2.6 m., br. 4.05 m., h. 6.0 m. }	= 316.00 m ³	1.422.000.-
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á			kr. 3.667.000.-

Virt: 27/1 1973.

Frá seinasta mati, hefur húsið verið endurbætt sem hér segir:

1.hæð: Hún er óbreytt frá seinasta mati.

2.hæð: Þar er komið parket á gólf, veggir málaðir og veggfóðraðir.

Kjallari: Hann er nú innréttaður í 2. herb. íbúð.

Baðherbergi og eldhús málað og parketlagt. Í stofu er ýmist dúklagt eða parketlagt. Tvöflat gler er í gluggum.

Stærð hússins:

A.	L. 7.6 m., Br. 7.0 m., H. 6.7 m., Ris. 2.7 m.	= 522 m ³	3.132.000.-
"	L. 2.7 m., Br. 3.8 m., H. 9.2 m.		
B.	L. 12.8 m., Br. 4.40 m., H. 5.5 m	= 316 m ³	1.991.000.-
"	L. 2.6 m., Br. 4.05 m., H. 6.0 m		
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á			kr. 5.123.000.-

Möt framkvæmd: 1/10/1942. Samræmismat 1. apríl 1951.

Metið kr.

Íbúðar- og verslunarhús, tvílyft með risi, byggt úr steinsteypu með járnpaki á borðasúð með pappa á milli. Á neðri hæð eru 2 sölubúðir með venju legri búðarinnréttingu, þiljaðar innan og málaðar, með trégólfi yfir steinsteypugólfinu. Á þessari hæð eru ennfremur þvottaherbergi, geymsluherbergi, v.s og gangur. Á efri hæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, fastur skápur og gangur. Allt þiljað innan, lagt striga og pappír á veggjum og loftum og ýmist veggfóðruð eða málað.

Stærð: L.10,0 m., br.8,0 m., h.6,0 m., ris 2,1 m.

Inngönguskúr við vesturhlið hússins, er byggður eins og það. Hann er allur þiljaður innan og málaður.

Stærð: L.3,4 m., br.1,5 m., h.5,7 m.

Viðbygging við norðurgöfl hússins er úr steinsteypu með járnpaki á pappa og borðasúð. Loft og gólf eru úr steinsteypu. Á neðri hæð er fisk-sölubúð, en á efri hæð 2 íbúðarherbergi, þiljuð innan á vegg og neðan á loftbita, strigalögð, veggfóðruð og máluð.

Stærð: L.3,8 m., br.5,0 m., h.5,6 m., ris 1,4 m.

Húsið, ásamt inngönguskúr og viðbyggingu m/tilheyrandi, er virt á.....

109.020.-/

=====

Samræmismat 1. apríl 1951.

A. Íbúðarhús :	L 10.0	br. 8.0	h. 6.0	ris 2.1	=	560.00 m ³
" Inngskúr :	L 3.4	br. 1.5	h. 5.7	skápak	=	29.07 m ³
" Viðbygging:	L 3.8	br. 5.0	h. 5.6	ris 1.4	=	119.70 m ³
						<u>708.77 m³</u>

283.500.00

Gata og númer:

Bankastræti 2

Möt framkvæmd: 1/11/1943, litra g; en 21/2/42 a.ð.l. Samræmismat 1. apríl 1951.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, einlyft með risi, byggt úr bindingi, klætt utan borðum, pappa og járn á veggjum og þaki. Í binding er múrað með múrsteini. Niðri í húsinu eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, 2 búr og gangur, allt þiljað, og herbergin með striga og pappír á veggjum og með spjaldaloftum. Á þaklyfti eru 4 íbúðarherbergi, þiljuð og máluð og með striga og pappír. Þar er þurkloft. Stærð: L.12,7 m., br.7,5 m., h.2,5 m., ris 4,0 m.</p>	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	21.260.-
<p>b. Viðbygging, einlyft með risi og 3 smákvistum, er við norðurgafli litra a, byggð úr bindingi, klædd utan með listaðri borðaklæðningu og með járnþaki á borðasúð. Í binding er hlaðið múrsteini. Þar er brauðsöluþúð, þiljuð og máluð, með borði, hillum og skápum. Stærð: L.4,4 m., br.7,5 m., h.3,4 m., ris 1,3 m.</p>	
Viðbyggingin, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	5.880.-
<p>c. Viðbygging er við suðurgafli litra a, byggð úr bindingi, klædd utan borðum, pappa og listum á veggjum og þaki. Í henni er eldhús, gangur og v.s. Stærð: L.3,8 m., br.3,8 m., h.3,5 m., skáp.</p>	
Viðbyggingin, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	2.560.-
<p>d. Brauðgerðarhús, tvílyft, byggt úr bindingi, klætt utan með listum og borðum og með hellupaki á borðasúð. Húsið er allt þiljað innan með plægðum borðum og allt málað. Niðri er brauðgerðarherbergi með steinsteypugólfi og tilheyrandi skápum og borðum. Rishæð er hólfuð í þrennt. Stærð: L.12,6 m., br.5,0 m., h.4,4 m., ris 3,2 m.</p>	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	30.295.-
<p>e. Geymsluhús, einlyft með risi, byggt við austurhlið litra d eins og það. Það er niðurrhólfað í 3 herbergi á neðri hæð, en ósundurhólfað á rishæð. Steinsteypugólf er í þriðjungni neðri hæðar, en timburgólf í hinu. Stærð: L.10,9 m., br.8,8 m., h.2,7 m., ris 4,1 m.</p>	
Húsið er virt á.....	9.020.-
<p>f. Geymsluhús er með fram Skólastræti, einlyft með risi, byggt úr bindingi klætt utan borðum á veggjum og þaki. Það er hólfuð í geymslu, þvottahús. Steinsteypugólf er í ½ húsinu og loft í einum þriðja af lengd þess. Í norður enda hússins er hjólhestaviðgerðarstofa, miðstöðvarklefi, geymsluherbergi, skrifstofa og gangur með hillum og þvottaskál. Í miðstöðvarherbergi er</p>	
Flyt	69.015.-

Gata og númer:

Bankastræti 2

Möt framkvæmd: 21/2/1942, nema ltr.g 1/11/1943.

Metið kr.

Flutt steingólf, en trégólf í öðrum herbergjum. Skrifstofan er veggfóðruð, máluð og dúklögð.

69.015.-

Stærð: L.32,8 m., br.5,8 m., h.2,4 m., ris 2,5 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

19.100.-

g. Verslunarhús, byggt áfast við litra f, úr bindingi, klætt utan plögðum borðum, pappa, listum og vírneti og múrhúðað á veggjum. Þak er úr bordasúð, pappa, sléttu járn, pappalagi þar yfir og stálbiki. Gólf hússins er úr járn bentri steinsteypu. Í húsinu er sölubúð með 4 sýningargluggum, þiljuð innan á útveggjabindingi og neðan á loftbita með masónít-plötum, og öll máluð.

Í búðinni eru venjuleg búðarborð.

Stærð: L.8,5 m., br.5,8 m., h.3,6 m., slétt þak.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

36.520.-

Samtals 124.635.-

=====

Samræmistat 1. apríl 1951.

A. Íbúðarhús	: L 12.7 br. 7.5 h. 2.5 ris 4.0	= 428.63 m ³	102.900.00
B. Brauðbúð, vb.	: L 4.4 br. 7.5 h. 3.4 ris 1.3	= 132.00 m ³	26.400.00
C. Íbúðarhús m/m	: L 3.8 br. 3.8 h. 3.5 skáþak	= 50.54 m ³	10.100.00
D. Bakarí	: L 12.6 br. 5.0 h. 4.4 ris 3.2	= 378.00 m ³	45.400.00
E. Geymsla, vb.	: L 10.9 br. 8.8 h. 2.7 ris 4.1	= 450.82 m ³	22.500.00
F. do m/skólastr.:	L 32.8 br. 5.8 h. 2.4 ris 2.5	= 684.86 m ³	41.100.00
G. Verzlunarhús	: L 8.5 br. 5.8 h. 3.6 slétt þak	= 177.48 m ³	56.800.00
		<u>2302.33 m³</u>	<u>305.200.00</u>

Möt framkvæmd: 21/10/1929.) 16/5/1951. Samræmismat 1. apríl 1951.	Metið kr.
<p>a. Íbúðar- og verslunarhús, byggt úr höggnum, steinlímdu grásteini og eru veggir allir tvíhlaðnir. Þak er úr járn og pappa á borðasúð. Á neðri hæð eru 2 sölubúðir með borðum, skúffum, skápum og hillum. Á þeim eru 2 stórir, bogamyndaðir vörusýningargluggar. Auk þessa eru þar 2 skrifstofuherbergi og bókaeymsla, v.s. og 2 gangar. Allir útveggir eru múrsléttaðir innan. Skilveggir eru úr bindingi með tvöföldum piljum. Piljað er innan á útveggi, allir veggir og loft eru múrsléttaðir og allt málað. Á efri hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og gangur, allt með sama frágangi og niðri. Á ris-hæð eru 2 íbúðarherbergi og framloft, allt piljað og málað. Kjallari er undir öllu húsinu. Þar eru geymslur.</p> <p>Stærð: L.10,1 m., br.8,2 m., h.5,8 m., ris 3,9 m., kjh.1,8 m.</p> <p>Inngönguskúr er við húsið, byggður eins og það. Þar eru geymsluklefi, v.s. og 2 gangar.</p>	
<p>Stærð: L.5,6 m., br.2,5 m., h.2,6 m., skáp.</p>	
<p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	41.352.-
<p>b. Prentsmiðja, einlyft með flötu þaki, er byggð á baklóð hússins, úr hlöðnum, steiptum steini og með járnþaki á borðasúð með pappa á milli. Allt er húsið piljað innan með panel og málað. Steinsteypugólf er í því öllu og gólfdukur þar yfir.</p> <p>Stærð: L.17,3 m., br.4,3 m., h.2,8 m., skáp.</p>	
<p>Prentsmiðjan, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	9.040.-
<p>c. Viðbygging við austurgafli aðal hússins, er byggð úr hlöðnum steypusteini og með þaki úr járn og pappa á borðasúð. Þar er afgreiðslustofa og skrifstofa, allt piljað innan með panelborðum og málað. Skilveggur og gólf eru úr timbri. Í afgreiðslustofunni eru borð og hillur. Öll hús þessi eru múrhúðuð utan.</p> <p>Stærð: L.3,0 m., br.8,2 m., h.3,4 m., skáp.</p>	
<p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	5.900.-
<p>Samtals</p>	56.292.-
<p>=====</p> <p><u>Virt 16/5/1951.</u></p>	
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 21. október 1929.</p>	
<p>A. Íbúðar- og verslunarhús: L 10.1 m. br. 8.2 m. h. 5.8 m. ris 3.9 m. kj. 1.8 m.</p>	
<p>" Inngönguskúr: L 5.6 m. br. 2.5 m. h. 2.6 m. skápak.</p>	
<p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	345.700.00
<p>B. Prentsmiðja : L 17.3 m. br. 4.3 m. h. 2.8 m. skápak.</p>	

Gata og númer:

Möt framkvæmd: frh. 20/5/1955. 10/3/1962.

Metið kr.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... Fluttar krónur 345.700.00
62.500.00

C. Viðbygging: L 3.0 m. br. 8.2 m. h. 3.4 m. skápak.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... 33.500.00

Samtals krónur 441.700.00 ✓

Samræmismat 1. apríl 1951.

A. Íbúðar-og verzlh.: L 10.1 br. 8.2 h. 5.8 ris 3.9 kj. 1.8 = 786.79 m³
" Inngönguskúr : L 5.6 br. 2.5 h. 2.6 skápak = 36.40 m³ 345.700.00
B. Prentsmiðja : L 17.3 br. 4.3 h. 2.8 skápak = 208.29 m³ 62.500.00
C. Skrifstofa, vb. : L 3.0 br. 8.2 h. 3.4 skápak = 83.64 m³ 33.500.00
1115.12 m³ 441.700.00

Virt 20/5 1955.

Óbreytt að stærðum frá síðasta mati 16. maí 1951.

A. Íbúð-og verzl.hús: L. 10.1 m. Br. 8.2 m. H. 5.8 m. ris 3.9 m. kj. 1.8 m.

" Inngönguskúr : L. 5.6 m. Br. 2.5 m. H. 2.6 m. skápak

Alls 823.19 m³

Húsið með inngönguskúr og tilheyrandi er metið á kr. 576.200.00

B. Prentsmiðja : L. 17.3 m. Br. 4.3 m. H. 2.8 m. skápak = 208.29 m³

" Húsið með tilheyrandi er metið á kr. 114.600.00

C. Skrifstofuhús : L. 3.0 m. Br. 8.2 m. H. 3.4 m. skápak = 83.64 m³

" Húsið með tilheyrandi er metið á kr. 50.200.00

Samtals kr. 741.000.00

Virt 10/3. 1962.

Óbreytt að stærðum frá síðasta mati, 20/5 1955.

Á 1. hæð eru verzlaniir og ein skrifstofa.

Á 2. hæð er íbúð.

Í þakhæð eru geymslur.

Í kjallara eru geymslur.

Stærð hússins:

A: Íbúð og verzl. : L. 10.1 m., br. 8.2 m., h. 5.8 m., ris 3.9 m., kjh. 1.8 m.

" Inngönguskúr: " 5.6 " " 2.5 " " 2.6 " skápak. = 823.19 m³ 1.235.000.-

B: f. prentsm.: " 17.3 " " 4.3 " " 2.8 " skápak. = 208.29 m³ 235.000.-

C: Skrifst.: " 3.0 " " 8.2 " " 3.4 " skápak. = 83.64 m³ 117.000.-

Húsið ásamt tilheyrandi er virt á samtals kr. 1.587.000.-

Gata og númer: 5 Bankastræti 3

Möt framkvæmd: 27/3/1968	Metið kr.
<p><u>Virt:27/3/1968.</u></p> <p>Frá síðasta mati, X0/5/1968 10/3/1962, hefur verið breytt um starfsemi í húsinu, en það er óbreytt að stærð um. Á 1. hæð eru 3 verzlunir (1 verzl. er í við-ka byggingu) þ.e. snyrtivöru verzl., bókaverzl. og kvenfataverzlun., 1 snyrtiherbergi m/tilheyrandi. Þar sem áður var prentsmíðja er lagier fyrir verzlunir. Ennfremur 1 skrifstofuherb. Á 2. hæð er íbúð, og er hún óbreytt frá síðasta mati, nema komið er tvöfalt gler í glugga.</p> <p>Á þakhæð eru 2 herbergi og gangur, allt málað og dúklagt og tvöfalt gler í fluggum. Hurðir málaðar.</p> <p>Kjallarinn er óbreyttur. Þar er þvottahús, 1 lagerherbergi 1 snyrtih. m/tilh., og gangur.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>A: L. 10.1 m., br. 8.2 m., h. 5.8 m., ris 3.9 m., kj. 1.8 m.</p> <p>" L. 5.6 m., br. 2.5 m., h. 2.6 m., ris skáp. = 823 m³ 2.387.000.-</p> <p>B:prent.L. 17.3 m., br. 4.3 m., h. 2.8 m. = 208 m³ 520.000.-</p> <p>C: L. 3.8 m., br. 8.2 m., h. 3.4 m., ris skáp. = 84 m³ 244.000.-</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á kr. <u>3.151.000.-</u></p>	

Gata og númer: Bankastræti 4

Möt framkvæmd: 1/12/1942. Samræmismat 1. apríl 1951.

Metið kr.

Verslunarhús, einlyft, byggt úr steinsteypu, með járnþaki á langböndum. Loft er úr járnþentri steinsteypu, en gólf og skilveggir allir úr venjulegri steypu. Í vesturenda hússins eru 2 sölubúðir, með venjulegri búðarinnréttingu og 2 skrifstofuherbergi. Allir veggir og loft herbergja þessara eru vandlega sementssléttaðir og allt olíumálað. Tvö v.s. m/pvottaskálum eru einnig í þessum enda hússins. Í austurenda hússins er sama herbergjaskipun og frágangur allur eins og í vesturendanum. Í miðju húsinu er anddyri eða gangur, ófullgerður, sem er notaður fyrir geymslu. Terrasso-yfirsteypa er á gólfum vatnssalerna og gangsins. Allar búðar og anddyrshurðir, 5 að tölu, sem og búðargluggakarmar, eru úr teach-við. 6 allstórir vörusýningar-gluggar, með þykkum rúðum, eru í húsinu. Kjallari að stærð ca.1/3 af hústærðinni, er undir byggingunni. Þar eru miðstöðvarherbergi og geymsluklefi. Stærð: L.21,4 m., br.10,2 m., h.4,0 m., skáp., kjh.2,2 m. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

164.860.-
=====Samræmismat 1. apríl 1951.

A. Verslunarhús :	L 21.4	br. 10.2	h. 4.0	skápak	=	873.12 m ³
" Kj. undir 1/3:			h. 2.2		=	160.07 m ³
						<u>1033.19 m³</u>

413.300.00

Möt framkvæmd: 1/3/1944. Samræmismat 1. apríl 1951. 30/6/1961.	Metið kr.
<p>Verslunarhús, þrílyft með skápaki og kjallara, byggt úr steinsteypu, með þaki úr járnþentri steinsteypu. Fyrir utan þakið eru 3 loft hússins úr járnþentri steinsteypu, en allir skilveggir og kjallaragólf eru úr venjulegri steypu. Allt er húsið vandlega sementssléttað utan og innan. Á neðstu hæð er sölubúð, með 6 stórum vörusýningargluggum og skápum innan við þá, sem og 10 skápum til vörugeymslu, úr timbri, lítið skrifstofuherbergi, fataklefi, snyrtiklefi, v.s., stigagangur og anddyri bakhlíðarmegin í húsinu. Á miðhæðinni eru 3 skrifstofuherbergi, 2 stór geymsluherbergi, kaffiklefi og anddyri og gangur. Á efstu hæðinni er vörugeymsla. Hún er ekki hólfuð í sundur. Allar eru hæðirnar mjög vandlega málaðar, þó sérstaklega neðsta hæðin, búðin, sem heita má öll skrautmáluð. Í kjallaranum eru 3 stór geymsluherbergi, miðstöðvarherbergi, kolaklefi, v.s. og gangur. Lyftuklefi er frá kjallaragólfi hússins, upp á efstu hæð þess. Allarstigatröppur eru úr steinsteypu. Gúmmí er á gólfi neðstu hæðarinnar, stigatröppum, þöllum og göngum hússins. Á skrifstofugólfum eru korkplötur, en önnur gólf eru ýmist máluð, með steinfarfa, eða dúklögð.</p> <p>Stærð: L.18,8 m., br.15,4 m., h.11,0 m., skáp., kjh.2,3 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>718.120.- =====</p>
<p><u>Samræmismat 1. apríl 1951.</u></p> <p>A. Verzlunarhús: L 18.8 br. 15.4 h. 11.0 skápak kj. 2.3 = 3850.62 m^3</p> <p>-----</p> <p><u>Virt 30/6. 1961.</u></p> <p>Frá síðasta mati, 1/3 1944, hefur húsið verið hækkað og innréttingum breytt.</p> <p>1. hæð: Hluta af þessari hæð hefur verið breytt í afgreiðslusal fyrir Verzlunarbankann og er það um 1/2 gólfplöturinn, hinn hlutinn er skóverzlun áfram. Allt er nýmálað og dúklagt. Hljóðeinangrun í loftum, skilrúm úr timbri. Að öðru leyti óbreytt.</p> <p>2. hæð: Skrifstofur og geymsluhús. 4 skrifstofur, móttökusalur. Timbur-skilrúm, múrhúðað. Allt málað og dúklagt.</p> <p>3. hæð er óbreytt.</p> <p>Þakhæð er ný hæð, byggð úr timbri, vatnsheldur krossviður að utan og málað. Notað sem geymsla, óinnréttað að öllu leyti, stálbitar og stálsúlur, steingólf.</p> <p>Kjallari: Þar er vörugeymsla óbreytt frá síðasta mati, nema Verzlunarbankinn hefur smápart fyrir geymsluhólf.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 18.8 m., br. 15.4 m., h. 12.90 m., ris 2.00 m., kjh. 2.35 m. = $4.704.70 \text{ m}^3$.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... kr.</p>	<p>1.655.800.00</p> <p>-----</p> <p>5.645.600.-</p>

Gata og númer:

Bankastræti 6

Möt framkvæmd: 1/6/1941. Samræmismat 1. apríl 1951.

Metið kr.

a. Verslunar- og íbúðarhús, príflyft með portí, risi og kvisti, byggt úr steinsteypu með járnþaki á skarsúð. Á neðstu hæð er sölubúð með hillum, borðum og skápum. Ennfremur eru þar skrifstofuherbergi og 3 önnur herbergi. Á þessari hæð er steinsteypugólf og öll er hún þiljuð innan og máluð. Á miðhæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og fastur skápur, allt þiljað innan, strigalagt, og allt ýmist veggfóðrað eða málað. Á þriðju hæð er sama herbergjaskipun og á miðhæðinni og sami frágangur. Á risi eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og 2 geymsluklefar, allt þiljað veggfóðrað og málað. Á skambitum er gólf og þar uppi er þurkloft.

Stærð: L.9,4 m., br.8,5 m., h.8,8 m., ris 3,5 m.

Inngönguskúr er við suðurhlíð hússins, byggður eins og það. Í honum eru 4 gangar og einn geymsluklefi.

Stærð: L.2,5 m., br.3,2 m., h.9,4 m., skáp.

Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....

68.990.-

Ibúðarhús, 2 hæðir, ris m/4 kvistum og kjallari, byggt úr steinsteypu og öll skilrúm steipt, húðað utan skeljasandi, klætt innan vikurplötum og með þaki úrtimbri, pappa og bárujárni. Á neðri hæð eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa, fastur skápur, smágangur, 2 innmúraðir skápar, allt múrhúðað og málað, eikarparkett á borðstofu og innri-forstofugólfum, hitt dúklegt.

Á efri hæð er sama innrétting og frégangur, nema stigagangur í stað anddyris, ekki parkett á gólfum, heldur dúklegt, en gúmmí á stigum. Á þak hæð eru 4 íbúðarherbergi, v.s., gangur, 2 geymslur, hitt klætt vikurplötum, múrhúðað, málað og dúklegt. Í kjallara eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðherbergi m/v.s., anddyri, innri forstofa og gangur, allt múrhúðað, málað og dúklegt, ennfremur þvottahús, olfumiðstöðvarherbergi, 2 innmúraðir skápar og 2 geymslur undir útitröppum.

Stærð hússins : L 11.4 m., br. 8.5 m., h. 5.6 m., ris 4.0 m., kj. 2.5 m.

" útskots : L 4.7 m., br. 1.8 m., h. 5.6 m., ris 0.6 m., kj. 2.5 m.

" do : L 5.7 m., br. 2.5 m., h. 5.6 m., ris 1.2 m., kj. 2.5 m.

Húsið, ásamt útskotum og tilheyrandi, er virt á.....

381.200.-

Samræmisat 1. apríl 1951.

A. Ibúðarhús:	L 11.4	br. 8.5	h. 5.6	ris 4.0	kj. 2.5	=	978.69 m ³
" Útskot	: L 4.7	br. 1.8	h. 5.6	ris 0.6	kj. 2.5	=	71.06 m ³
" do	: L 5.7	br. 2.5	h. 5.6	ris 1.2	kj. 2.5	=	123.98 m ³
							<u>1173.73 m³</u>

469.500.-

Gata og númer:

Barmahlíð 31.

Möt frankvæmd: 20/10/1947. Samræmismat 1. apríl 1951.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, 2 hæðir, ris og kjallari, byggt úr steinsteypu og steipt öll skilrúm, húðað utan með marmarasalla og tinnu, en pappa og korkklætt innan, með þaki úr timbri, pappa og hellu. Í neðri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, búr, baðherbergi m/keri og v.s., v.s., og handlaug, anddyri, gangur, stigagangur og 6 fastir skápar, allt múrhúðað og málað. Í efri hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, ekkert búr og 5 fastir skápar, að öllu öðru leyti eins og neðri hæðin. Í þakhæðinni eru 5 kvistir og 2 gluggakvistir. Þar er þiljað neðan á skambita og múrhúðað og málað. Þar eru 5 íbúðarherbergi með skápum í baðherbergi m/keri og v.s. og ræstingaklefi. Í kjallara eru 4 íbúðarherbergi, baðherbergi m/keri og v.s., gangur, þvottahús, þurrkherbergi, miðstöðvarherbergi, eldiviðargeymsla, 2 geymsluherbergi og geymsla undir úti-tröppum.</p>	
Stærð hússins: L. 12.5 m. br. 10.3 m. h. 5.5 m. ris 3.9 m. kjh. 2.6 m.	
" útskots: L. 5.2 m. br. 1.6 m. h. 5.5 m. ris 0.8 m. kjh. 2.6 m.	
Húsið, ásamt útskotum og tilheyrandi, er virt á.....	465.800.-
b. Bifreiðaskúr fyrir 2 bifreiðir, alsteinsteypdur, húðaður utan eins og húsið, einangraður með vikurplötum.	
Stærð: L. 5.5 m. br. 7.0 m. h. 2.6 m.	
Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	21.900.-
Samtals	487.700.-
<hr/>	
<u>Samræmismat 1. apríl 1951.</u>	
A. Íbúðarhús : L 12.5 br. 10.3 h. 5.5 ris 3.9 kj. 2.6 = 1287.5 m ³	
" Útskot : L 5.2 br. 1.6 h. 5.5 ris 0.8 kj. 2.6 = 70.72 m ³	543.300.00
B. Bifreiðaskúr: L 5.5 br. 7.0 h. 2.6 = 100.10 m ³	20.000.00
<u>1458.32 m³</u>	<u>563.300.00</u>

Gata og númer:

Barmahlíð 32.

Möt framkvæmd: 25/2/1947. Samræmistat 1. apríl 1951.	Metið kr
<p>Ibúðarhús, 2 hæðir, ris og kjallari, byggt úr steinsteypu, með þaki úr timbri, pappa og jární. 3 loft og stigar eru úr járnbentri steinsteypu, en skilrúm flest úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum er timbur, pappi og trétex. I hvorri hæð fyrir sig eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., anddyri, stigagangur og gangherbergi og v.s., allt múrhúðað og málað. I risi er klætt trétexi innan á loft og vegg og skilrúm og allt múrhúðað og málað. Þar eru 3 íbúðarherbergi, 2 geymsluherbergi, þvottaherbergi m/v.s. og gangur. I kjallara eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðherbergi m/v.s., anddyri og gangur. Auk þess er þar þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi, geymslar og gangur.</p> <p>Stærð hússins: L. 11.4 m. br. 8.5 m. h. 5.6 m. ris 4.0 m. kjh. 2.5 m. " útskots: L. 4.7 m. br. 1.8 m. h. 5.6 m. ris 0.6 m. kjh. 2.5 m. " do: L. 5.7 m. br. 2.5 m. h. 5.6 m. ris 1.2 m, kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt útskotum og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p style="text-align: right;">351.600.-</p> <hr/>
<p><u>Samræmistat 1. apríl 1951.</u></p> <p>A. Ibúðarhús: L 11.4 br. 8.5 h. 5.6 ris 4.0 kj. 2.5 = 978.6 m³ " Útskot : L 4.7 br. 1.8 h. 5.6 ris 0.6 kj. 2.5 = 71.06 m³ " do : L 5.1 br. 2.5 h. 5.6 ris 1.2 kj. 2.5 = 123.98 m³</p> <p style="text-align: right;"><u>1173.73 m³</u></p>	<p style="text-align: right;"><u>469.500.00</u></p>

Gata og númer:

B A R M A H L Í Ð 33.

Möt framkvæmd: 31/10/1960.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, tvær hæðir, ris og kjallari, byggt úr steinsteypu, einangrað með korki, slétthúðað og málað utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni og með 3 gluggakvisti.</p> <p>Á 1. hæð eru 5 íbúðarherbergi, eldhús m/borðkrók, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, anddyri og forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru málaðar og einfalt gler er í gluggum.</p> <p>2. hæð er eins og 1. hæð, nema þar er harðviður í hurðum.</p> <p>Þakhæð er eins og 1. hæð, nema minni.</p> <p>Í kjallara eru 4 íbúðarherbergi, 2 eldhús, baðherbergi m/steypu, 2 v. s. og 2 handlaugar, anddyri og forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Auk þess er í kjallara þvottahús, kyndiklefi f. hitaveituupphitun og 2 geymslur.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 12.2 m., br. 10.4 m., h. 5.5 m., ris 4.0 m., kj. 2.6 m.</p> <p>" 4.9 " " 1.6 " " 3.0 " " skáp. " 2.6 " = 1.325.4 m³.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á kr.</p>	1.391.700.-
<p>Virt:19/5 1978.</p> <p>Ibúð í kjallara hefur verið stækkuð um eitt herbergi, þar var áður þvottahús Annað í húsinu er óbreytt.</p> <p>Stærð hússins: L.11,3 m., Br. 10,5 m. H., 5,6 m., Ris. 3,8 m., Kj. 2,7 m... = 1.248m³</p> <p>L. 4,4 m., Br. 1,0 m., H. 5,6 m., Ris. 0,6 m., Kj. 2,7 m.</p> <p>Húsið ásamt tilheyrandi er virt á.....kr</p>	44.929.000.-

Möt framkvæmd: 12/10/1950. Samræmismat 1. apríl 1951.	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, 2 hæðir, ris m/ó gluggakvistum og kjallari, byggt úr steinsteypu, skilrúm öll steipt eða vikurhlaðin, húðað utan skeljasandi, vikurklætt innan og með þaki úr timbri, pappa og asbestskífu. Á neðri hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa stigahús, fatakrókur og ófaldur fastur skápur, allt málað og dúklagt; ennfremur veggsvaíir. Á efri hæð er sama herbergjaskipun og frágangur, nema þar er allt veggfóðrað og ekkert anddyri. Á þakhað eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., stigahús, innri forstofa og súðarskápar, eldhús, baðherbergi og innri forstofa málað, hitt veggfóðrað og máluð loft, allt dúklagt. Þiljað er á skambita og er geymsla þar uppi. Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa, allt ýmist veggfóðrað eða málað og dúklagt; ennfremur þvottahús, olíumiðstöðvarklefi og geymsla undir útitröppum.</p> <p>Stærð hússins: L 11.0 m. br. 10.2 m. h. 5.8 m. ris 4.0 m. kj. 2.7 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>541.900.00</p>
<p><u>Samræmismat 1. apríl 1951.</u></p> <p>A. Ibúðarhús: L 11.0 br. 10.2 h. 5.8 ris 4.0 kj. 2.7 = <u>1178.10 m³</u></p>	<p><u>541.900.00</u></p>
<p>Virt 4/9 1980.</p> <p>Nýr bílskúr, byggður úr steinsteypu.</p> <p>Stærðir: 86 m³.</p> <p>Bílskúrinn, ásamt tilheyrandi er virt á kr.</p>	<p><u>3.268.000</u></p>

Möt framkvæmd: 9/3/1950. Samræmismat 1. apríl 1951.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, 2 hæðir, ris m/5 gluggakvistum og kjallari, byggt úr steinsteypu, flest skilrúm steipt, hin úr múrhúðuðu timbri, húðað utan marmarasalla, klætt innan vikurplötum og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á neðri hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri innri forstofa, fatakrókur og 2 fastir skápar, stigagangur með anddyri, allt málað og dúklagt. Á efri hæð er innrétting og frágangur eins og á neðri hæð, (nema 2 fastir skápar að auki og timburstigi múrhúðaður upp á þakhæð. Á þakhæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., gangur, súðarskápar og lítill steinsteypur skápur, allt málað og dúklagt. Þiljað er á skambita og geymsla þar uppi. Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri og gangur og fatakrókur, allt málað og dúklagt; anddyri annað, stigagangur og gangur: ennfremur anddyri, gangur, þvottahús, olfúmiðstöðvarklefi, 2 geymslur, geymsla undir stiga og geymsla undir útitröppum.</p> <p>Stærð hússins: L 10.0 m. br. 11.4 m. h. 5.5 m. ris 4.0 m. kj. 2. 6 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p style="text-align: right;"><u>426.000.-</u></p>
<u>Samræmismat 1. apríl 1951.</u>	
<p>A. Íbúðarhús: L 10.0 br. 11.4 h. 5.5 ris 4.0 kj. 2.6 = <u>1151.4 m³</u></p>	<p style="text-align: right;"><u>460.600.00</u></p>
<p><u>Virt: 30/4 1975.</u></p> <p>Frá síðasta mati hefur verið byggður ný bílskúr við húsið. Hann er steinsteypur, einangraður með plasti, múrhúðaður að utan og þakið er steipt.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á.....kr.</p> <p>Stærð hússins er:</p> <p>L. 6.8 m., Br. 7.0m., H. 2.5 m., Kj. 2.5 m. = 238 m³</p>	<p style="text-align: right;">1.333.000.-</p>

Möt framkvæmd: 12/10/1950. Samræmismat 1. apríl 1951.	Metið kr.
<p>Ibúðar- og trésmíðahús, 2 hæðir, ris m/6 gluggakvistum og kjallari, byggt úr steinsteypu, öll skilrúm steypt eða vikurhlaðin, húðað utan skelja-sandi, vikurklætt innan og með þaki úr timbri, pappa og asbestskífu. Á neðri hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa, stigahús, fatakrókur og ófaldur fastur skápur, allt veggfóðrað, máluð loft og allt dúkklagt; ennfremur veggsvaíir. Á efri hæð er herbergjaskipun og frágangur eins og á I. hæð, nema þar er ekki anddyri og hæðin öll máluð. Á þakhæð eru 4 íbúðarhergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., stigahús, innri forstofa og súðarskápur, allt veggfóðrað, nema 1 herbergi og dúkklagt. Þiljað er á skambita og er geymsla þar uppi. Í kjallara eru 2 íbúðarherbergi, veggfóðruð, máluð og dúklögð, v.s. m/handlaug 2 trésmíðastofur, þvottahús, olíumiðstöðvarklefi, geymsla undir stiga og útitröppum.</p> <p>Stærð hússins: L 11.0 m. br. 10.2 m. h. 5.8 m. ris 4.0 m. kj. 2.7 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>2 /</p> <p>541.900.00</p>
<p><u>Samræmismat 1. apríl 1951.</u></p>	
<p>A. Ibúðarhus: L 11.0 br. 10.2 h. 5.8 ris 4.0 kj. 2.7 = <u>1178.10 m³</u></p>	<p><u>541.900.00</u></p>

Möt framkvæmd: 20/3/1952.

Metið kr.

Nýtt íbúðarhús, 2 hæðir, ris m/5 gluggakvistum og kjallari, byggt úr steinsteypu, öll skilrúm steipt eða vikurhlaðin, húðað utan marmarasalla, vikurklætt innan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárn. Á hvorri hæð fyrir sig eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri á neðri hæð, stigahús, innri forstofa, fatakrókur og 2 fastir skápar, allt málað á neðri hæð, en veggfóðrað og málað á efri hæð og dúklegt, timburstigi upp á rishæð frá efri hæð. Á þakhæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., gangur og súðarskápar, allt málað og dúklegt. Piljað er á skambita og er geymsla þar uppi. Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðherbergi m/v.s., anddyri, gangur, fatakrókur, annað anddyri, gangur og stigagangur, allt málað og dúklegt; ennfremur anddyri og gangur, þvottahús, olíumiðstöðvarklefi m/3 kötlum, 2 geymslur og geymsla undir stiga og útitröppum.

Stærð hússins: L 10.0 br. 11.4 h. 5.5 ris 4.0 kj. 2.6 = 1151.4 m³
 Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

575.700.00

Möt framkvæmd: 24/5. 1949. Samræmismat 1. apríl 1951.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, 2 hæðir, ris m/4gluggakvistum og kjallari, byggt úr steinsteypu, skilrúm ýmist steipt, vikurhlaðin eða úr múrhúðuðu timbri, húðað utan skeljasandi, timburklætt og múrhúðað innan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á neðri hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa, fatakrókur og 4 fastir skápar, allt málað og dúklagt, ennfremur 2 veggsvaíir. Á efri hæð er allt eins og á neðri hæð, nema þar er stigahús í stað anddyris og aðeins 2 fastir skápar. Á þakhæð er aðeins innréttað þvottahús, þurrkherbergi og geymsla, allt múrhúðað, þiljað neðan á skambita að nokkru. Í kjallara eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðherbergi m/v.s., stór inngangur, innri forstofa, allt múrhúðað, málað og dúklagt, nema inngangurinn, ennfremur þvottahús, olfumiðstöðvarherbergi, 3 geymslur og geymsla undir stiga og útitröppum.</p> <p>Stærð hússins: L 11.0 m. br. 10.3 m. h. 5.4 m. ris 3.8 m. kj. 2.7 m.</p> <p>" útskots: L 4.6 m. br. 5.4 m. h. 5.4 m. ris 0.6 m. kj. 2.7 m.</p> <p>Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....krónur</p>	<p>414.100.- ✓</p>
<p><u>Samræmismat 1. apríl 1952.</u></p> <p>A. Íbúðarhús: L 11.0 br. 10.3 h. 5.4 ris 3.8 kj. 2.7 = 1138.0 m³</p> <p>" Útskot : L 4.6 br. 5.4 h. 5.4 ris 0.6 kj. 2.7 = 50.23 m³</p> <p style="text-align: right;">1183.23 m³</p>	<p style="text-align: right;"><u>473.300.00</u></p>

Möt framkvæmd: 29/5/1948 Samræmismat 1. apríl 1951.	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, 2 hæðir, ris m/4 kvistum og kjallari, byggt úr steinsteypu og öll skilrúm steipt eða steinhlaðin, húðað utan norskum marmarasalla, klætt innan froðusteypu og með þaki úr timbri, pappa og bárujární, múrhúðuðu að innan. Á hvorri hæð fyrir sig eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa, stigagangur í kjallara, fatakrókur, 5 fastir skápar, allt múrhúðað, málað eða veggfóðrað og dúklagt, ennfremur veggvalir. Á þakhæð eru 4 íbúðarherbergi, steypibaðherbergi m/v.s., gangur, geymsla og 3 fastir skápar, allt múrhúðað og ýmist veggfóðrað eða málað og dúklagt, ennfremur þvottahús múrhúðað. Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðherbergi m/v.s., anddyri, stór innri gangur, allt múrhúðað, málað, veggfóðrað og dúklagt, ennfremur þvottahús, olíumiðstöðvarherbergi, 2 geymslur og 1 undir tröppum.</p> <p>Stærð hússins : L 11.3 m., br. 10.5 m., h. 5.6 m., ris 3.8 m., kj. 2.7 m. " útskots : L 4.4 m., br. 1.0 m., h. 5.6 m., ris 0.6 m., kj. 2.7 m.</p> <p>Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>424.000.-</p> <hr/>
<p><u>Samræmismat 1. apríl 1951.</u></p> <p>A. Íbúðarhús: L 11.3 br. 10.5 h. 5.6 ris 3.8 kj. 2.7 = 1210.23 m³ " Útskot : L 4.4 br. 1.0 h. 5.6 ris 0.6 kj. 2.7 = 37.84 m³ 1248.07 m³</p>	<p><u>499.200.00</u></p>

Möt framkvæmd: 24/10/1949. Samræmismat 1. apríl 1951.	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, 2 hæðir, ris og kjallari, byggt úr steinsteypu, húðað utan skeljasandi, klætt innan vikurplötum og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á neðri hæð eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa, fastur skápur, allt málað og dúklag. Á efri hæð er innréttingin eins og á neðri hæð, en eikarklæðning er í anddyri og stigum. og eikarparkett á forstofugólfu; þar er og stigahús í stað anddyris. Á þakhæð eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðherbergi m/v.s. og handlaug, forstofa og 2 geymslur, skilrúm eru vikurhlaðin, allt málað og dúklagt, ennfremur þvottahús. Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðherbergi m/v.s. og handlaug, anddyri og innri forstofa, málað, veggfóðrað og dúklagt, ennfremur þvottahús, olfumiðstöðvarklefi m/2 kötlum, geymsla og geymsla undir stiga.</p> <p>Stærð hússins: L 11.0 m. br. 10.3 m. h. 5.4 m. ris 3.8 m. kj. 2.7 m. " útskots: L 4.6 m. br. 1.3 m. h. 5.4 m. ris 0.8 m. kj. 2.7 m.</p> <p>Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....<u>Krónur</u> 426.200.-^v</p>	
<p><u>Samræmismat 1. apríl 1951.</u></p> <p>A. Ibúðarhús: L 11.0 br. 10.3 h. 5.4 ris 3.8 kj. 2.7 = 1133.0 m³ " Útskot : L 4.6 br. 1.3 h. 5.4 ris 0.8 kj. 2.7 = 50.83 m³ 1183.83 m³</p>	<p style="text-align: right;"><u>473.500.00</u></p>

Möl framkvæmd: 12/10/1950 Samræmismat 1. apríl 1951. 30/3/1964.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, 2 hæðir, ris og kjallari, byggt úr steinsteypu, húðað utan tinnusalla, vikurklatt innan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á neðri hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa, fatakrókur, 2 fastir skápar og stigahús, allt málað og dúklagt; ennfremur veggsvaivir. Á efri hæð er innrétting og fragangur eins og á neðri hæð, nema þar er ekkert anddyri og 2 herbergi eru veggfóðruð. Á þakhæð eru 3 íbúðarherbergi, v.s., forstofa, allt veggfóðrað og málað, öll skilrúm úr timbri og texti; ennfremur 3 geymslur. Í kjallara eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s.,/m/^{anddyri}stigauppgangi, innri forstofa, gangur, allt málað og dúklagt; ennfremur þvottahús, olfumiðstöðvar-klefi, 3 geymslur og geymsla undir stiga og útitróppum.</p> <p>Stærð hússins: L 11.3 m. br. 10.5 m. h. 5.6 m. ris 3.8 m. kj. 2.7 m. " útskots: L 4.4 m. br. 1.0 m. h. 5.6 m. ris 0.6 m. kj. 2.7 m.</p> <p>Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>596.700.00</p>
<p><u>Samræmismat 1. apríl 1951.</u></p> <p>A Íbúðarhús: L 11.3 br. 10.5 h. 5.6 ris 3.8 kj. 2.7 = 1231.65 m³ " Útskot : L 4.4 br. 1.0 h. 5.6 ris 0.6 kj. 2.7 = 37.84 m³ 1269.49 m³</p>	<p>596.700.-</p>
<p><u>Virt 30/3/1964.</u></p> <p>2 nýir bílskúrar, hólfaðir í sundur og er kjallari undir öðrum. Oskast metnir í tvennu lagi.</p> <p>Skúrarnir eru byggðir úr steinsteypu, einangraðir með plasti, slétthúðaðir og málaðir að utan með steypu þaki. Upphitaðir með hitaveitu.</p> <p>Stærð skúranna: L. 7.0 m., br. 7.0 m., h. 2.5 m., kj. 2.0 m. = 221.00 m³.</p> <p>Skúrarnir, ásamt tilheyrandi, eru metnir á</p>	<p>kr. 90.000.-</p>

Gata og númer:

B a r m a h l i ð 42

Möt framkvæmd: 31/1/1949 Samræmistat 1. apríl 1951.

Metið kr.

Íbúðarhús, 2 hæðir, ris m/4 kvistgluggum og kjallari, byggt úr steinsteypu, öll skilrúm ýmist steipt eða vikurhlaðin, húðað utan marmarasalla, klætt innan vikurplötum og milliveggjapappa og með þaki úr timbri, pappa og og bárujárni. Á hvorri hæð fyrir sig eru 5 íbúðarherbergi, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, hol, allt múrhúðað, málað og dúklagt, stigagangur er á efri hæð í stað anddyris. Á þakhæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, kerbaðherbergi m/v.s., stigagangur, hol og fatahengi, allt múrhúðað, málað og dúklagt. Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðherbergi m/v.s., anddyri, innri gangur og 2 fastir skápar, allt múrhúðað, málað og dúklagt, ennfremur þvottahús, olíu- og kolamiðstöðvarklefi með 3 kötlum, 2 geymslur og geymsla undir stiga og útitröppum.

Stærð hússins: L 11.0 m. br. 11.4 m. h. 5.5 m. ris 4.3 m. kj. 2.6 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....krónur

426.200.-

Samræmistat 1. apríl 1951.A. Íbúðarhús: L 11.0 br. 11.4 h. 5.5 ris 4.3 kj. 2.6 = 1291.62 m³503.700.00

Möt framkvæmd: 28/2/1953.

Metið kr.

Nýr bifreiðaskúr, notaður fyrir trésmíðaverkstæði, 1 hæð með skúrþaki, hlaðinn úr sandsteini á steinsteyptan grunn, slétthúðaður utan, textklæddur innan og með steinsteyptu þaki, ósundurhólfaður og með rafmagnsleiðslu.

Stærð hússins: L 7.0 br. 3.2 h. 2.25 = 50.4 m³

Skúrin, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....

14.100.00

Möt framkvæmd: 24/10/1949. Samræmistat 1. apríl 1951.	Metið kr.
<p>Hús Ágústs Böðvarssonar og Magnúsar Finnbogasonar, Barmahlíð 43, brnr. 5356, er íbúðarhús, 2 hæðir, ris og kjallari, byggt úr steinsteypu, öll skilrúm ýmist steipt eða vikurhlaðin, húðað utan marmarasalla, klætt innan vikurplötum og með þaki úr timbri, pappa og aluminium. Á hvorri hæð fyrir sig eru 5 íbúðarherbergi, eldhús m/matkrók, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri á neðri, stigahús á efri hæð, hol, þægur og 4 fastir skápar, allt málað og dúklagt, ennfremur veggvalir. Þakhæðin er óinnréttuð geymsla. Í kjallara eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, búr, steypibaðherbergi m/v.s., anddyri, hol og fastur tvísettur, skápur, allt málað og dúklagt, ennfremur þvottahús, olfumiðstöðvarklefi, gangur, 2 geymslur, þurrkherbergi og geymsla undir úti-tröppum.</p> <p>Stærð hússins: L 11.5 m. br. 10.5 m. h. 5.6 m. ris 2.2 m. kj. 2.6 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....<u>Krónur</u> 422.700.-/</p>	
<p><u>Samræmistat 1. apríl 1951.</u></p> <p>A. Íbúðarhús: L 11.5 br. 10.5 h. 5.6 ris 2.2 kj. 2.6 = <u>1112.28 m³</u></p>	<p><u>444.900.00</u></p>

Möt framkvæmd: 20/8/1949. Samræmismat 1. apríl 1951.	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, 2 hæðir, ris m/4 gluggakvistum og kjallari, byggt úr steinsteypu, öll skilrúm steipt eða vikurhlaðin, húðað utan kvartsi og jaspíssalla, klætt innan vikurplötum og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á neðri hæð eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, búr, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa, fatakrókur og fastur skápur, allt málað og dúklegt, nema í anddyri og baðherbergi er terrasso á gólfum, ennfremur veggvalir. Á efri hæð eru 4 íbúðarherbergi, 2 eldhús, búr, baðherbergi m/keri og v.s., stiga-hús, innri forstofa, fatakrókur og 2 fastir skápar, allt með sama frágangi og á neðri hæð, ennfremur veggvalir. Á þakhæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., stigahús, innri forstofa og 3 fastir skápar, allt málað og dúklegt. Þiljað er á skambita og er geymsla þar uppi. Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, gangur, stigahús og 2 fastir skápar, allt málað og dúklegt, ennfremur þvottahús, olfumiðstöðvarklefi, 2 geymslur, geymsla undir stiga og geymsla undir úti-tröppum.</p> <p>Stærð hússins: L 11.5 m. br. 11.4 m. h. 5.5 m. ris 4.3 m. kj. 2.6 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>439.200.- /</p>
<p><u>Samræmismat 1. apríl 1951.</u></p> <p>A. Ibúðarhús: L 11.5 br. 11.4 h. 5.5 ris 4.3 kj. 2.6 = <u>1291.62 m³</u></p>	<p><u>503.700.00</u></p>
<p>Virt 4/9 1980.</p> <p>Nýr bílskúr byggður úr steinsteypu.</p> <p>Stærðir: 62 m³.</p> <p>Bílskúrinn, ásamt tilheyrandi er virt á</p>	<p>kr. <u>2.356.000</u></p>

Möt framkvæmd: 20/7/1950. Samræmismat 1. apríl 1951.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, 2 hæðir, ris og kjallari, byggt úr steinsteypu, skilrúm ýmist steipt eða vikurhlaðin, húðað utan marmara- og kvartssalla, klætt innan korki á hæðunum en vikurplötum í kjallara og með þaki úr timbri, pappa og aluminium. Á neðri hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, matkrókur, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa, gangur, 5falður og 4falður fastur skápur og fataskápur, allt málað, korkur á eldhúss- og matarkróks-gólfi, hitt dúklagt, ennfremur veggsvaíir. Á efri hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, matkrókur, baðherbergi m/keri og v.s., forstofa, gangur, 5falður og 4falður fastur skápur og fataskápur í forstofu, allt málað og dúklagt; ennfremur veggsvaíir. Þakhæðin er óinnréttuð geymsla. Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðherbergi m/v.s., anddyri, innri forstofa, gangur og 5falður fastur skápur, allt málað og dúklagt; ennfremur þvottahús, olíumiðstöðvarklefi niðurgrafinn m/3 kötlum, geymsla undir stiga og útitröppum.</p> <p>Stærð hússins: L 11.5 m. br. 10.4 m. h. 5.6 m. ris 2.2 m. kj. 2.6 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>444.900.00</p>
<p><u>Samræmismat 1. apríl 1951.</u></p> <p>A. Íbúðarhús: L 11.5 br. 10.5 h. 5.6 ris 2.2 kj. 2.6 = <u>1112.28 m³</u></p>	<p><u>556.100.00</u></p>

Möt framkvæmd: 5/7/1951. Samræmismat 1. apríl 1951.

Metið kr.

Íbúðarhús, 2 hæðir, ris m/4 gluggakvistum og kjallari, byggt úr steinsteypu, öll skilrúm steipt, nema í risi eru þau úr múrhúðuðu timbri, húðað utan marmara- og tinnusalla, klætt innan á hæðunum og í kjallara vikurplötum og frauðsteypu, en í risi með texi, pappa, timbri og múrhúð og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á hvorri hæð fyrir sig eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri á neðri hæð, stigahús, hol, fataskápur, 4faldur fastur skápur og 2 skápar fastir í baðherbergi, allt ýmist veggfóðrað eða málað og dúklagt; ennfremur veggsvaíir. Á þak-hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., stigahús, innri gangur, allt málað og dúklagt, múrhúðað í hólf og gólf, ennfremur geymsla. Þiljað er á skambita. Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., stigahús, anddyri, innri forstofa og fastir skápar í baðherbergi, allt ýmist veggfóðrað eða málað og duklagt; ennfremur þvottahús, miðstöðvarklefi m/olíu- og 2 kolakötlum, geymsla undir stiga og 2 undir útitröppum.

Stærð hússins: L 11.0 m. br. 10.3 m. h. 5.5 m. ris 4.0 m. kj. 2.7 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á. / 577.800.00

Samræmismat 1. apríl 1951.A. Íbúðarhús: L 11.0 br. 10.3 h. 5.5 ris 4.0 kj. 2.7 = 1166.66 m³ 577.800.00

Gata og númer:

Barmahlíð 47.

Möt framkvæmd: (6/11/1948.) 30/6/1950. Samræmismat 1. apríl 1951. 27/2/1965	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, 2 hæðir, ris m/6 kvistum og kjallari, byggt úr steinsteypu, skilrúm ýmist steypt eða vikurhlaðin, húðað utan skeljasandi, klætt innan vikurplötum og með þaki úr timbri, pappa og aluminium. Á hvorri hæð fyrir sig eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., anddyri á neðri, stigagangur á efri hæð, hol og 6 fastir skápar, allt múrhúðað, málað og dúklegt, mahognhurðir fyrir öllum herbergjum á efri hæð, nema 2, veggsvaflr á báðum hæðum. Á þakhæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðherbergi m/v.s., stigagangur innri forstofa og súðarskápar, texþiljuð súð og loft, veggfóðruð 4 herbergin, hitt málað, ásamt loftum, allt dúklegt. Allir stigar einnig dúklagðir. Í kjallara eru 4 íbúðarherbergi, steypibaðherbergi m/v.s., anddyri, innri forstofa, allt málað og dúklegt á timburgólf yfir steingólfi, ennfremur þvottahús, olíumiðstöðvarherbergi, geymsla og geymslur undir stiga og útitröppum. Stærð hússins: L 11.5 m. br. 10.0 m. h. 5.7 m. ris 4.2 m. kj. 2.6 m. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....kr. <u>382.700.-</u></p>	
<p><u>Virt 30/6/1950.</u></p> <p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 6. nóvember 1948.</p> <p>Íbúðarhús: L 11.5 m. br. 10.0 m. h. 5.7 m. ris 4.2 m. kj. 2.6 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... <u>502.300.00</u></p>	
<p><u>Samræmismat 1. apríl 1951.</u></p> <p>A. Íbúðarhús: L 11.5 br. 10.0 h. 5.7 ris 4.2 kj. 2.6 = <u>1196 m³</u> <u>478.400.00</u></p>	
<p><u>Virt:27/2/1965</u> frá síðasta mati 30/6/1950</p> <p>Húsið er óbreytt að stærðum/en óskast endurmetið, vegna breytts verðlags</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 11.5 m., br. 10.0 m., h. 5.7 m., ris 4.2 m., kj. 2.6 m. = 1.196.00 m³.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á kr. <u>2.392.000.-</u></p>	

Möt framkvæmd: 10/10/1951. 15/8/1964

Metið kr.

Íbúðarhús, 2 hæðir, ris m/4 gluggakvistum og kjallari, byggt úr steinsteypu, skilrúm ýmist steipt eða úr múrhúðuðu timbri og texti í risi, húðað utan marmarasalla, klætt innan korkplötum og trétexti innan á þaki og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á hvorri hæð fyrir sig eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri á neðri hæð, stiga-hús, innri forstofa, fataskápur, tvísettur fastur skápur í baðherbergjum og fjórsettur fastur skápur á efri hæð, allt málað og dúklegt eða lakkað; 1 veggvalir. Í þakhæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., stigahús, innri forstofa og 3 fastir skápar, allt texklætt, veggfóðrað og málað, þiljað er á skambita og er geymsla þar uppi. Í kjallara eru 2 stofur, eldhús, steypibaðherbergi m/v.s., anddyri m/stigauppgangi, innri forstofa m/föstum skápi, allt ófrágengið; ennfremur þvottahús, olfumiðstöðvarklefi m/3 kötlum, geymsla undir stiga, geymsla og 2 geymslur undir útitröppum, múrhúðað.

St.h.: L 11.0 br. 10.3 h. 5.5 m. ris 4.0 kj. 2.7 = 1155.66 m³

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... 577.800.00

7777777

Virt: 15/8/1964.

Tveir bílskúrar nýir, byggðir úr steinsteypu og hlaðnir úr holst. á steiptum grunni, einagraðir með plasti og múrhúðaðir að utan þakið er timbur, pappi og bárujárni. Skúrarnir eru ein hæð.

Stærð skúranna:

L. 8.0 m., br. 6.5 m., h. 2.5 m. = 130.00 m³.

Skúrarnir, ásamt tilheyrandi eru virtir á kr. 70.000.

Mót framkvæmd: 31/1/1949 Samræmismat 1. apríl 1951.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, 2 hæðir, ris m/6 kvistgluggum og kjallari, byggt úr steinsteypu, skilrúm ýmist steipt eða vikurhlaðin, húðað utan skeljasandi, klætt innan vikurplötum og með þaki úr timbri, pappa og aluminium. Á hvorri hæð fyrir sig eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa, fjórhólfaður og tvíhólfaður fastir skáar, allt múrhuðað, málað og dúklagt, ennfremur veggsvaflir, stigagangur er á efri hæð í stað anddyris á neðri. Á þekkhæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðherbergi m/v.s., stigagangur, innri forstofa og smásúðarskápur, allt múrhuðað, málað og dúklagt, þiljað er neðan á skambita og er geymsla þar uppi. Í kjallara eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðherbergi m/v.s., anddyri, innri forstofa, allt múrhuðað, málað og dúklagt, ennfremur þvottahús, olíumiðstöðvar-klefi, geymsla undir stiga og útitröppum.</p> <p>Stærð hússins: L 11.5 m. br. 10.0 m. h. 5.7 m. ris 4.2 m. kj. 2.6 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....krónur</p>	<p>382.700.-</p>
<p><u>Samræmismat 1. apríl 1951.</u></p> <p>A. Íbúðarhús: L 11.5 br. 10.0 h. 5.7 ris 4.2 kj. 2.6 = <u>1196 m³</u></p>	<p><u>466.400.00</u></p>

Möt framkvæmd: 30/6/1950. Samræmistat 1. apríl 1951.

Metið kr.

Ibúðarhús, 2 hæðir, ris og kjallari, byggt úr steinsteypu, húðað utan marmarasalla, klætt innan vikurplötum og með þaki úr timbri, pappa og eternitskífu. Á hvorri hæð fyrir sig eru 5 íbúðarherbergi, 2 eldhús á neðri, en 1 eldhús á efri hæð, baðherbergi m/keri, v.s. og handlaug, ytri og innri forstofa, skápar í svefnherbergi, baðherbergi og innri forstofu, allt málað og dúklagt. Á þakhæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., innri forstofa, skápar í forstofu og baði, allt málað og dúklagt, geymslur. Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., innri og ytri forstofa, allt málað og dúklagt; þvottahús, olfumiðstöðvarklefi og geymslur.

Stærð hússins: L 11.0 m. br. 11.5 m. h. 5.5 m. ris 3.8 m. kj. 2.7 m.

" útskots: L 4.5 m. br. 1.3 m. h. 5.5 m. ris 0.8 m. kj. 2.7 m.

Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....

531.200.00Samræmistat 1. apríl 1951.

A. Ibúðarhús:	L 11.0	br. 11.5	h. 5.5	ris 3.8	kj. 2.7	=	1277.65	m ³
" Útskot	: L 4.5	br. 1.3	h. 5.5	ris 0.8	kj. 2.7	=	50.31	m ³
							<u>1327.96</u>	<u>m³</u>

531.200.00

Gata og númer:

Barmahlíð 51

Möt framkvæmd: 28/9/1948. Samræmisat 1. apríl 1951.	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, 2 hæðir, ris m/3 kvistum og kjallari, byggt úr steinsteypu, öll skilrúm steipt eða vikurhlaðin, húðað utan skeljasandi, klætt innan vikurplötum og með þaki úr timbri, pappa og steinskifu. Á hvorri hæð fyrir sig eru 5 íbúðarherbergi, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri á neðri hæð, stiga-gangur á efri, innri forstofa, fatakrókur og 2 fastir skápar, allt múrhúðað, málað og dúklegt, ennfremur 2 veggsvaíir á hvorri hæð. Á þakhæð eru 4 íbúðarherbergi, v.s. m/handlaug, stigagangur, innri forstofa, geymsla og þvottahús, allt múrhúðað og málað og dúklegt, nema þvottahús og geymsla eru ekki dúklögð. Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðherbergi m/v.s., anddyri m/v.s., innri forstofa og geymsla, allt múrhúðað, málað og dúklegt, ennfremur þvottahús, olíumiðstöðvarherbergi m/2 kötlum og geymslur undir stiga og útitröppum.</p> <p>Stærð hússins: L 11.5 m. br. 10.3 m. h. 5.4 m. ris 3.8 m. kj. 2.6 m.</p> <p>" útskots: L 4.8 m. br. 1.3 m. h. 5.4 m. ris 0.8 m. kj. 2.6 m.</p> <p>Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á krónur.....</p>	<p style="text-align: right;"><u>403.900.-</u></p>
<p><u>Samræmisat 1. apríl 1951.</u></p> <p>A. Ibúðarhús: L 11.5 br. 10.3 h. 5.4 ris 3.8 kj. 2.6 = 1172.66 m³</p> <p>" Útskot : L 4.8 br. 1.3 h. 5.4 ris 0.8 kj. 2.6 = 52.42 m³</p> <p style="text-align: right;"><u>1225.08 m³</u></p>	<p style="text-align: right;"><u>490.000.00</u></p>

Möt framkvæmd: 24/10/1949. Samræmismat 1. apríl 1951.

Metið kr.

Íbúðarhús, 2 hæðir, ris m/5 gluggakvistum og kjallari, byggt úr steinsteypu, skilrúm ýmist steipt, vikurhlaðin eða úr múrhúðuðu timbri, húðað utan marmarasalla, klætt innan vikurplötum og með þaki úr timbri, pappa og steinskífu. Á hvorri hæð fyrir sig eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri á neðri, stiga hús á efri hæð, hol, fatakrókur og 4 fastir skápar, allt málað og dúkklagt, nema terrasso á baðherbergi og anddyri og korkur á holi og eldhúsi; ennfremur veggsvaíir. Á þakhæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., stigahús, hol, fatakrókur og fastur skápur, allt málað og dúkklagt, nema gúmmí í baðherbergi. Þiljað er á skambíta og geymsla þar uppi. Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, eldhús baðherbergi m/keri og v.s., anddyri og innri forstofa og fastur skápur, allt málað og dúkklagt, nema korkur á eldhúsi og terrasso á baðherbergisgólfi og anddyri, ennfremur þvottahús, olfumiðstöðvarklefi, 2 geyslur, geymsla undir stiga og undir útitröppum.

Stærð hússins: L 11.0 m. br. 11.5 m. h. 5.5 m. ris 3.8 m. kj. 2.7 m.

" útskots: L 4.5 m. br. 1.3 m. h. 5.5 m. ris 0.8 m. kj. 2.7 m.

Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....Krónur

451.500.-

Samræmismat 1. apríl 1951.

A. Íbúðarhús:	L 11.0	br. 11.5	h. 5.5	ris 3.8	kj. 2.7	=	1277.65 m ³
A. Útskot	: L 4.5	br. 1.3	h. 5.5	ris 0.8	kj. 2.7	=	50.31 m ³
							<u>1327.96 m³</u>

571.000.00

Möt framkvæmd: 20/7/1950 Samræmismat 1. apríl 1951.

Metid kr.

Íbúðarhús, 2 hæðir, ris m/3 gluggakvistum og kjallari, byggt úr steinsteypu, öll skilrúm steipt eða vikurhlaðin, húðað utan skeljasandi og tinnu, klætt innan vikurplötum og með þaki úr timbri, pappa og eternitskífu. Á hvorri hæð fyrir sig eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s. anddyri á neðri hæð, innri forstofa, stígað á efri hæð, stór fastur skápur, allt málað og dúklegt; ennfremur 2 veggsvaíir. Á þakhæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðklefi, v.s., stígaanddyri, 2 fastir skápar og súðarskápar, allt málað og dúklegt; Þiljað er neðan á skambita, en ónothæft uppi. Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðherbergi m/v.s., anddyri, innri forstofa og fastur skápur, allt málað og dúklegt; ennfremur þvottahús, kolamiðstöðvarklefi, geymsla og geymsla undir stíga og útitröppum. Stærð hússins: L 11.5 m. br. 10.3 m. h. 5.4 m. ris 3.8 m. kj. 2.6 m.
 " útskots: L 4.8 m. br. 1.3 m. h. 5.4 m. ris 0.8 m. kj. 2.6 m.
 Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....

499.100.00

Samræmismat 1. apríl 1951.

A. Íbúðarhús:	L 11.5	br. 10.3	h. 5.4	ris 3.8	kj. 2.6	=	1195.42 m ³
" Útskot :	L 4.8	br. 1.3	h. 5.4	ris 0.8	kj. 2.6	=	52.41 m ³
							<u>1247.83 m³</u>

499.100.00

Möt framkvæmd:(28/2/1949.)(16/1/1950) 16/11/1950. Samræmismat 1. apríl 1951.	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, 2 hæðir, ris m/4 kvistum og kjallari, byggt úr steinsteypu, skilrúm ýmist steypt, vikurhlaðin eða úr múrhúðuðu timbri, á að skel- eða kvartshúðast utan, klætt innan vikurplötum og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á hvorri hæð fyrir sig eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, borðkrókur, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri á neðri hæð, ómálaður og ódúklagður stigagangur á efri hæð, innri forstofa, 3 fastir skápar á neðri, 4 fastir skápar á efri hæð, allt annars múrhúðað, málað og dúklagt. Á þakhæð eru 4 íbúðarherbergi og eldhús, ófrágengið. Í kjallara eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa og 3 fastir skápar, allt múrhúðað, málað og dúklagt; ennfremur þvottahús m/olfumiðstöð, geymsla og geymsla undir stiga og útitröppum, sérinngangur.</p> <p>Stærð hússins: L 11.0 m. br. 11.1 m. h. 5.4 m. ris 5.4 m. kj. 2.7 m. " útskots: L 5.0 m. br. 1.0 m. h. 5.4 m. ris 0.4 m. kj. 2.7 m.</p> <p>Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....krónur <u>407.900.-</u></p>	
<p>16/1/1950.</p> <p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 28. febrúar 1949 að öðru leyti en því, að settur hefur verið gúmmídukur á stiga á efri hæð og að þakhæðin er nú fullfrágengin.</p> <p>Ibúðarhús: L 11.0 m. br. 11.1 m. h. 5.4 m. ris 5.4 m. kj. 2.7 m. Útskot : L 5.0 m. br. 1.0 m. h. 5.4 m. ris 0.4 m. kj. 2.7 m.</p> <p>Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á..... <u>579.100.-</u></p>	
<p>16/11/1950.</p> <p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 16 janúar 1950.</p> <p>Ibúðarhús: L 11.0 m. br. 11.1 m. h. 5.4 m. ris 5.4 m. kj. 2.7 m. Útskot : L 5.0 m. br. 1.0 m. h. 5.4 m. ris 0.4 m. kj. 2.7 m.</p> <p>Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á..... <u>639.600.00</u></p>	
<p><u>Samræmismat 1. apríl 1951.</u></p> <p>A. Ibúðarhús: L 11.0 br. 11.1 h. 5.4 ris 5.4 kj. 2.7 = 1318.68 m³ " Útskot : L 5.0 hr. 1.0 h. 5.4 ris 0.4 kj. 2.7 = 42.50 m³ <u>1361.18 m³</u></p>	<p><u>639.800.00</u></p>

Gata og númer:

B a r m a h l í ð 55.

Möt framkvæmd: 25/6/1947. Samræmistat 1. apríl 1951.	Metið kr
<p>Ibúðarhús, 2 hæðir, ris og kjallar, byggt úr steinsteypu með þaki úr timbri, pappa og steinhellu. 3 loft og stigar eru úr járnbentri steinsteypu, en skilrúm úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum er spónasteypa. Í hæðunum hvorri fyrir sig eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., anddyri, gangur, stigagangur og fastir skápar, allt múrhúðað og málað, með dúkum á gólfum. Í risi eru 4 íbúðarherbergi, gangur, fastir skápar, geymsla og v.s. Þar er þiljað með trétexi á skilrúm, loft og útveggi og stoppað með tréspónum. Allt með álímdum pappír og dúkum á gólfum. Í kjallara eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., inngangur, gangur, fastir skápar, allt með sama frágangi og í hæðunum. Auk þess er þar þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi m/olíuhituðum katli, gangur og geymslur.</p> <p>Stærð hússins: L. 11.5 m. br. 10.4 m. h. 5.5 m. ris 3.3 m. kjh. 2.7 m.</p> <p>" útskots: L. 4.5 m. br. 1.1 m. h. 5.5 m. ris 0.4 m. kjh. 2.7 m.</p> <p>Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>350.100.-</p> <hr/> <hr/>
<p><u>Samræmistat 1. apríl 1951.</u></p> <p>A. Ibúðarhús: L 11.5 br. 10.4 h. 5.5 ris 3.3 kj. 2.7 = 1172.08 m³</p> <p>" Útskot : L 4.5 br. 1.1 h. 5.5 ris 0.4 kj. 2.7 = 41.58 m³</p> <p style="text-align: right;"><u>1213.66 m³</u></p>	<p><u>485.500.00</u></p>

Möt framkvæmd: 12/4/1949. Samræmismat 1. apríl 1951. 10/8/1961.	Metið kr.
<p>Ibúðarhús m/saumastofu, 2 hæðir, ris m/porti og 6 gluggakvistum og kjallari, byggt úr steinsteypu, öll skilrúm steypt eða vikurhlaðin, nema 1 úr timbri, slétthúðað nú utan, einangrað með vikri, holrúmi og pappa og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á hvorri hæð fyrir sig eru 5 íbúðarherbergi eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa og 7 fastir skápar allt múrhúðað, málað og dúklagt, ennfremur veggsvalir, sem um leið eru þak á bifreiðaskúr. Á efri hæðinni er stigahús í stað anddyris. Á þakhæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., stigahús, innri forstofa og 6 fastir skápar, allt múrhúðað, málað og dúklagt; Þiljað er neðan á skambita og er geymsla þar uppi. Í kjallara er stór saumastofa, smíða - herbergi, geymsla, skrifstofa, anddyri, innri forstofa, baðherbergi m/keri og v.s. og 4 fastir skápar, allt múrhúðað, málað og dúklagt, þvottahús, olíu - miðstöðvarklefi, geymsla undir stiga og 2 geymslur undir útitröppum.</p> <p>Stærð hússins: L 12.3 m. br. 12.1 m. h. 5.8 m. ris 3.5 m. kj. 2.6 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....krónur <u>526.100.-</u></p>	
<p>Bifreiðaskúr er áfastur húsinu úr steinsteypu í hólf og gólf, slétthúðaður utan, óhúðaður og ósundurhólfaður innan, en klæddur innan vikri og heraklit.</p> <p>Stærð: L 3.8 m. br. 7.0 m. h. 2.6 m.</p> <p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....krónur <u>11.800.-</u></p>	
<p><u>Samtals kr. 537.900.-</u></p>	
<p><u>Samræmismat 1. apríl 1951.</u></p>	
<p>A. Ibúðarhús : L 12.3 br. 12.1 h. 5.8 ris 3.5 kj. 2.6 = 1503.18 m³</p>	<p>601.300.00</p>
<p>B. Bifreiðaskúr: L 3.8 br. 7.0 h. 2.6 = 69.16 m³</p>	<p><u>12.400.00</u></p>
<p><u>1572.34 m³</u></p>	<p><u>613.700.00</u></p>
<p><u>Virt 10/8. 1961.</u></p>	
<p>A: Húsið er óbreytt að stærðum frá síðasta mati 12/4 1949, en óskast endurmetið vegna hækkandi verðlags. (Aðeins var óskað eftir endurmati á húsið).</p>	
<p>Stærð hússins: L. 12.3 m., br. 12.1 m., h. 5.8 m., ris 3.5 m., kjh. 2.6 m. = 1.503.18 m³.</p>	
<p>Húsið ásamt tilheyrandi er virt á</p>	<p>kr. <u>1.954.100.-</u></p>

Möt framkvæmd: 2/12/1941. Samræmismat 1. apríl 1951. 30/6/1964.	Metið kr.
<p>a. Verksmiðjuhús, tvílyft með risi og kjallara, byggt úr járnbentri steinsteypu, allir útveggir, ca. helmingur skilveggja og loft. Pak er úr bárujárni, pappa og listum á borðasúð. Kjallaragólf er úr venjulegri steypu. Innan á öllum útveggjum eru vikurplötur (froðuplötur), og allt er húsið múrhúðað innan og utan. Leirflísar eru á öllum gólfum ofan kjallarans, nema á skrifstofugólfum, þar eru línóleumdúkar. Á neðri hæð eru 4 vinnustofur, fyrir sápu- og súkkulaðigerð, 3 gangar með 2 steinsteypustigum, lyftuklefi, er nær frá kjallaragólfi til rishæðar, fataklefi, 2 v.s., 2 þvagklefar og gangur í gegn um húsið. Á efri hæð eru 3 skrifstofur, veggfóðraðar og málaðar, 6 vinnustofur, fyrir konfektgerð, o.fl., stigagangur, lyftuklefi, fataklefi, 4 v.s. og gangur. Á rishæð eru 4 stór geymsluherbergi og gangur. Innan á þaksperrum er klæðning úr "tentex"-plötum. Í húsinu eru ca. helmingur skilveggja úr bindingi með einfaldri borðaklæðningu. Í kjallaranum eru 5 geymsluherbergi, miðstöðvarherbergi, skrifstofa og 2 gangar. Tveir verksmiðu reykháfar eru á húsinu.</p> <p>Stærð: L.46,6 m., br.12,0 m., h.7,5 m., ris 4,6 m. Kjallarastærð: 32,3 x 12 x 2,5 m.</p>	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	362.700.-
b. Geymsluskúr, byggður úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Hann er múrhúðaður utan.	
Stærð: L.12,7 m., br.9,3 m., h.2,8 m., skáp.	
Skúrin er virtur á.....	4.965.-
	Samtals 367.665.-
<hr/>	
<u>Samræmismat 1. apríl 1951.</u>	
A. Verksmiðjuhús: L 46.6 br. 12.0 h. 7.5 ris 4.6 = 5480.16 m ³	
" Kjallari : L 32.3 br. 12.0 h. 2.5 = 969.00 m ³	1.805.800.-
B. Geymsluskúr : L 12.7 br. 9.3 h. 2.8 skápak = 330.71 m ³	33.100.-
	<u>6779.87 m³</u>
	<u>1.838.900.-</u>

Gata og númer:

Barónsstígur 2

Möt framkvæmd: 30/6/1964.

Metið kr.

Virt 30/6/1964

A. Verksmiðjan hefur tekið þeirri breytingu, frá síðasta mati 1/12/1941, að kvistur hefur verið settur á bakhlíð hússins, að öðru leyti er húsið óbreytt.

B. Geymsla er óbreytt frá síðasta mati.

Öl. eignin óskast endurmetin, vegna hækkandi verðlags.

Stærð hússins:

Hús	L. 43.6 m., br. 12.0 m., h. 7.5 m., ris 4.6 m.	= 5.480.00 m ³ .	7.930.000. -
Kjall.	L. 32.0 m., br. 12.0 m., h. 2.5 m	= 969.00 m ³ .	
geym.	L. 12.7 m., br. 9.3 m., h. 2.8 m.	= 330.71 m ³ .	165.000. -
Húsið, ásamt tilheyrnadi, er virt á		kr.	<u>8.095.000. -</u>

15/3/1968

Frá síðasta mati, 30/6/1964, hefur verið byggð ný viðbygging úr steinsteypu, einangruð með plasti, slétthúðuð og máluð að utan og þakið er pappaklætt úr timbri.

Nýja viðbyggingin er 5 hæðir og telst ~~xxxxxx~~ undir lið C.

C: Á 1. hæð er anddyri, pg stigahús, lyftuop. Allt málað og dúklagt.

Á 2. - 5. hæð eru skrifstofur og snyrtingar m/tilheyrandi, allt málað og dúklagt létt skilrúm úr ~~xxx~~ viði og á 5. hæð er kaffistofa.

Stærð hússins

C:	L. 8.48 m., br. 10.20 m., h. 15.8 m.,		
"	L. 4.80 m., br. 4.2 m., h. 2.2 m., =	= 1.411.00 m ³ .	
Viðbyggingin, ásamt tilheyrandi, er virt á		kr.	<u>4.233.000. -</u>

Möt framkvæmd: (8/9/1923 litra a, 21/9/1925 litra b.) 10/8/1946. b. 17/7/1947.		Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, einlyft með skápaki, byggt úr steinsteypu með járnþaki á pappu og borðasúð. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., fastur skápur og gangur. Innan á útveggjum er trégrind með asfaltþappa í. Skilveggir eru úr bindingi, allt þiljað, strigalagt með pappír á veggjum og loftum, of ýmist veggfóðrað eða málað. Milligólf er í bitalögum með pappu og sagsspónastoppi á milli gólfanna. Geymslukjallari er undir öllu húsinu með steinsteypugólfi.</p> <p>Stærð: L.8,8 m., br.3,8 m., h.3,0 m., kjh.1,0 m., skáp.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>		5.638.-
<p>b. Viðbygging, byggð úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð með pappu á milli. Þar eru 2 íbúðarherbergi, v.s. og eldhús, allt þiljað innan, strigalagt og vélapappírslagt, og allt ýmist veggfóðrað eða málað. Kjallari er undir húsinu, með steinsteypugólfi.</p> <p>Stærð: L.4,4 m., br.5,3 m., h.3,8 m., skáp., kjh.2,2 m.</p> <p>Viðbyggingin, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>		6.530.-
Samtals		12.168.-
<p>Húsið er óbreytt frá síðustu mötum 8/9/1923 og 21/9/1925.</p> <p>Stærð aðalhússins: L. 8.8 m. br. 3.8 m. h. 3.0 m. skápak, kjh. 1.0 m.</p> <p>" viðbygging: L. 4.4 m. br. 5.3 m. h. 3.8 m. skápak, kjh. 2.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....</p>		65.300.-
<p>b. Við austurgöfl eldra hússins hefir verið byggð viðbygging, hlaðin úr 25 cm. holsteini á steiptum grunni með þaki úr timbri, pappu og báruasbesti. Innan á útveggjum er asbestklæðning, en neðan á loftbitum pappi og masonite. Gólf er timbrunþlætt að hálfu leyti. Asbestþlætt skilrúm er þvert yfir húsið og einnig afþiljað smá snyrtiherbergi. Húsið er málað með olíufudistempa. Vatnsþétt rafmagnslögn er í húsinu og það er hitað frá hitaveitu. Húsið er notað til glerslípunar o.fl.</p> <p>Stærð: L. 7.4 m. br. 8.0 m. h. 4.0 m. skápak.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>		35.400.-
Samtals		100.700.-
Samræmismat 1. apríl 1951.		
A. Íbúðarhús	: L 8.8 br. 3.8 h. 3.0 skápak kj. 1.0=	133.76
" Viðbygging	: L 4.4 br. 5.3 h. 3.8 skápak kj. 2.2=	139.92
B. Glerslípun o. fl., viðb.:	L 7.4 br. 8.0 h. 4.0 skápak	= 236.80
		<u>510.48</u>
		<u>135.000.00</u>

Gata og númer:

BARÓNSSTÍGUR 3 (Bráðabirgðahús).

Möt framkvæmd: 20/2/1958.	Metið kr.
<p>Nýr söluskáli, ein hæð með skápaki, byggður úr timbri, einangraður með gosull og wellit, vatnslæddur utan og með þaki úr timbri, pappa og alumíníum.</p> <p>Á 1. hæð eru 2 verzlunir, v. s. og 3 handlaugar og geymsla. Allt málað og dúklagt. Skilrúm, loft og veggir er klætt texi og masonít.</p> <p>Stærð skálans:</p> <p>L. 9.0 m., br. 5.0 m., h. 2.75 m., ris skápak. = 123.75 m³.</p> <p>Söluskálinn með tilheyrandi er metinn á Kr.</p>	<p>102.200.-</p>

Gata og númer:

Barónstígur 3a

Möt framkvæmd: 24/5/1944 litra (a, 21/9/1939 litra b) Samræmismat 1. apríl 1951.

Metið kr.

a. Íbúðarhús, byggt úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Það er einlyft, með porti og risi og kjallara. Á aðalhæð hússins eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Á þaklyfti eru 2 íbúðarherbergi og gangur. Í kjallaranum eml íbúðarherbergi, þiljað og málað, þvottaherbergi, geymsluherbergi, v.s. og gangur. Innan á öllum útveggjum er borðagrind, með pappa í, listum og þiljum þar innan á, lögðum striga og vélapappír. Á þaklyfti og aðalhæð eru skilveggir allir úr bindingi, með tvöföldum þiljum, og þiljað neðan á loftbita og innan á þaksperrur. Allar þiljur eru lagðar striga og öll er íbúð hússins ýmist veggfóðruð eða máluð innan. Í kjallaranum er langveggur og gólf úr steinsteypu, en timburgólf er yfir steinsteypugólfinu. Milligólf er í báðum bitalögum og pappi og sagsspónastopp á milli gólfanna. Húsið er allt sementssléttuð utan.

Stærð: L.7,5 m., br.6,3 m., h.3,1 m., ris 2,8 m., kjh.2,1 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

63.900.-

b. Geymsluskúr, byggður úr bindingi, klæddur utan borðum, pappa og listum á veggjum en járn á þaki. Allur er skúrinn þiljaður innan með panel og í honum er timburgólf. Steinsteypugrunnur er undir skúrnum. Hann er hólfaður í sundur í 2 geymsluklefa.

Stærð: L.7,6 m., br.3,2 m., h.2,3 m., skáp.

Skúrinn er virtur á.....

5.500.-

Santals 69.400.-

Samræmismat 1. apríl 1951.

A. Íbúðarhús: L 7.5 br. 6.3 h. 3.1 ris 2.8 kj. 2.1	=	311.85 m ³	102.900.00
B. Geymsla : L 7.6 br. 3.2 h. 2.3 skáþak	=	55.94 m ³	7.300.00
		<u>367.79 m³</u>	<u>110.200.00</u>

Gata og númer: Barónsstígur 4 "Sjávarborg"

Möt framkvæmd: (1/10/1941.) 18/3/1947. Samræmismat 1. apríl 1951.	Metið kr.
<p>Haftækjaviðgerðarhús, einlyft með risi, byggt úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Á aðalhæð hússins eru 2 herbergi, v.s., allt þiljað innan og málað, 2 straumskiftiherbergi, bifreiðarherbergi, 5 geymsluherbergi, gangur yfir þvert húsið og tveir stigagangar m/tréstigum. Tveir skilveggir úr steinsteypu eru eftir endilöngu húsinu, en allir þverveggir eru úr bindingi, með tvöfaldri panelklæðningu. Á þakbitum eru plögð gólfborð. Þar uppi eru 2 stórir geymslusalir. Skilveggir eru úr timbri.</p> <p>Stærð: L.30,4 m., br.15,1 m., h.3,1 m., ris 4,0 m.</p>	
<p>Inngönguskúr er við vesturgafli hússins, byggður eins og það.</p>	
<p>Stærð: L.3,5 m., br.5,5 m., h.2,6 m., ris 0,8 m.</p>	
<p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>104.958.- =====</p>
<p>=====</p>	
<p>Hú þetta hefir verið breytt frá síðasta mati 1/10/1941 að því leyti að inngönguskúr við vesturgafliinn á litra b er rifinn. Straumskiptiherbergi er flutt úr húsinu. Þar eru rafmagnsvörugeymsla og afgreiðslu og vinnustofur. Við austurenda þess hefir verið byggð viðbygging úr samskonar efni. Niðri er geymsla og viðgerðarstofa. Á þakbitum er gólf og uppi er þiljað í tvennt. Þar er trésmíðavinnustofa og geymsla í hinum hluta þess.</p> <p>Vörugeymsla og viðgerðarst: L. 30.4 m. br. 15.1 m. h. 3.1 m. ris 4.0 m.</p> <p>Viðbygging: L. 9.5 m. br. 12.0 m. h. 5.4 m. ris 2.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>651.700.- =====</p>
<p>=====</p>	
<p><u>Samræmismat 1. apríl 1951.</u></p>	
<p>A. Vörugeymslu- og viðghús: L 30.4 br. 15.1 h. 3.1 ris 4.0 = 2341.10 m³</p> <p>" Viðbygging : L 9.5 br. 12.0 h. 5.4 ris 2.0 = 729.60 m³</p>	
<p style="text-align: right;"><u>3070.70 m³</u></p>	<p style="text-align: right;"><u>737.000.00</u></p>

Gata og númer:

Barónsstígur 4A

Möt framkvæmd: 21/6/1934. Samræmismat 1. apríl 1951.	Metið kr.
<p>Spennistöð, byggð úr steinsteypu, útveggir, gólf og þak. Átta skilveggir eru í stöðinni, en ná yfir nálega $\frac{1}{4}$ af breidd hennar, einnig úr steinsteypu. Húsið er múrsléttað að utan, en að innan er það holufyllt og múrstrokið. Þakið er tví-bikborið.</p> <p>Stærð: L.10,0 m., br.4,5 m., h.3,8 m., slétt þak.</p> <p>Stöðin er virt á.....</p>	<p>7.182.- =====</p>
<p><u>Samræmismat 1. apríl 1951.</u></p> <p>A. Spennistöð: L 10.0 br. 4.5 h. 3.8 slétt þak = <u>171.00 m³</u></p>	<p><u>47.900.00</u></p>

Möt framkvæmd (1/4/1942.) 13/4/1946. Samræmismat 1. apríl 1951.	Metið kr.
